

VATNALÖG.

15
20. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI.

Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Almennigur: Sá hluti vatns, sem liggur fyrir utan vatnsbelti landareignanna.

Fallvatn: Sá hluti vatnsfalls (fossar, hávaðar, strengir), sem hagkvæmt verður talið að virkja í einu lagi til orkunýtingar.

Frumdrættir: Mælingar, uppdættir, lýsingar og önnur gögn til ákvörðunar á aðaldráttum fyrirhugaðra mannvirkja.

Fullnaðardættir: Mælingar, uppdættir og önnur gögn til fullkominnar ákvörðunar á fyrirhuguðum mannvirkjum.

Hjerað: Kaupstaður, sýsla eða hreppur.

Iðja: Iðnaður, annar en handið.

Iðjuver: Land eða lóð, hús og önnur mannvirki ásamt tækjum til afnota við iðju.

Iðjuhöldur: Eigandi iðjuvers.

Lágflæði: Venjulegt lægsta vatnsyfirborð.

Landareign: Land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða.

Orkuveita: Útbúnaður til að veita orku úr einum stað í annan.

Orkuver: Land eða lóð, hús og önnur mannvirki ásamt tækjum til afnota við orkuvinslu eða breytingar einnar tegundar orku í aðra.

Sjerleyfi: Leyfi samkvæmt sjerleyfislögum.

Vatnsvirki: Mannvirki um vatn, í eða yfir vatni eða við það.

Vatnsmiðlun: Geymsla á vatni til þess að breyta eðlilegu vatnsmagni straumvatns.

Vatnsvirkjari: Sá maður, sem kemur fyrir neysluvatnsæðum.

II. KAFLI.

Almenn ákvæði um vatnsrjettindi.

2. gr.

Landareign hverri fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila.

3. gr.

1. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hvor land í miðjan farveg, og sje ekki vöxtur í vatni, nema önnur lögmæt skipun sje þar á gerð.

2. Eigi breytast merki, þótt farvegur breytist.

4. gr.

1. Nú liggur landareign að stöðuvatni, og fylgir vatnsbotn þá þeim bakka, er hann verður talinn áframhald af, 115 metra út í vatn (netlög).

2. Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 metrar á breidd, þá skal miðlína þess ráða merkjum, nema önnur lögmæt skipun hafi verið á gerð.

3. Nú vex gras upp úr vatni við lágflæði, þá fylgir vatnsbotn landi sem þurt land væri.

4. Ef eyjar, hólmar eða sker eru í stöðuvatni, þá fylgja þeim netlög sem áður segir. Nú á maður eyjar, hólma eða sker fyrir landi annars manns, og er sundið mjórra en 230 metrar, og ræður þá miðlína sundsins merkjum.

5. Jafnan skal miða við lágflæði í vatni.

6. Ef breyting verður á vatnsbotni, þá skulu netlög vera sem áður voru þau.

5. gr.

Nú liggja tvær landareignir eða fleiri að vatni sama megin, og skulu þá netlög hverrar um sig ákveðin svo, ef eigi hefir áður verið skipun á gerð, að hver botndepill fylgi þeim bakka, sem hann er næstur.

6. gr.

1. Rjett er að matsmenn ákveði og setji merki milli landareigna, að því leyti sem merki fara eftir ákvæðum 3.—5. gr.

2. Þinglýsa skal matsgerð samkvæmt 1. lið og bóka í landamerkjabók sem aðrar landamerkjaheimildir.

7. gr.

1. Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið.

2. Óheimilt er manni, nema sjerstök heimild eða lagaleyfi sje til þess:

a. að breyta vatnsbotni, straumstefnu eða vatnsmagni, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð.

b. að gerstífla straumvatn eða gera mannvirki í vatni eða yfir því,
 c. að veita vatni úr landi sínu í aunara land,
 ef tjón eða hættu er af því búin eign annars manns eða rjettindum, óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hættu að nokkru ráði fyrir hagsmunum ríkis eða almennings.

15
 20. júní

8. gr.

1. Nú breytist farvegur án þess að af mannavöldum sje, og er þá landeiganda hverjum, sem mein verður að breytingunni, rjett að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag. Ef til þess þarf afnota af landi annars manns, eru þau heimil, en þá getur sá maður krafist bóta fyrir tjón og óþægindi, sem verkið bakar honum. Ef ágreiningur verður, þá skulu matsmenn skera úr.

2. Nú líða svo tvö ár frá lokum þessa almanaksárs, er breytingin varð, að aðilja er eigi sagt til þess, að vinna eigi verk það, er í 1. lið greinir, og skal þá, þegar verkið er unnið, bæta þann kostnað, sem að loknum áðurnefndum fresti hefir verið ráðist í til þess að rækta farveginn og annars slíks, eða til ráðstafana, sem gerðar kunna að hafa verið til þess að nota vatnið í nýja farveginum. Nú er því lýst yfir innan 2 ára, að vinna eigi verkið, sbr. 1. lið, en verkið þó ekki unnið innan 5 ára frá því breyting varð, og má þá líta svo á sem engin yfirlýsing hafi fram komið.

3. Nú hefir sama ástand haldist í 20 ár eða lengur, og skal þá um það fara svo sem það hefði að fornu fari verið svo.

9. gr.

Fara skal um jarðvatn, regnvatn og leysinga, er á landareign safnast, lindir, dý, tjarnir og slík minniháttar vötn, sem eigi hafa stöðugt afrenslu ofanjarðar, svo sem hjer segir, enda sje eigi önnur lögmæt skipun á gerð.

1. Landeiganda er rjett að hagnýta sjer slíkt vatn eða ráðstafa því með öðrum hætti, enda fari það eigi í bága við ákvæði 15. gr., stífla frárenslu úr því, hlaða upp bakka þess eða gera gerð um það, ræsa það fram ofan jarðar eða neðan og bera ofan í það, án þess að hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð, eða spjöll á eign annars manns, sem eigi er skylt að hlíta samkvæmt sjerstakri heimild.

2. Landareign, sem lægra liggur, fylgir skylda til að hlíta því, að vatnið renni um hana í þeim farvegi og með þeim hætti, er náttúran hefir markað því.

3. Nú verður breyting á farvegi eða vatnsmagni af völdum náttúrunnar eða þriðja manns, og verður þeim mein að, sem land eiga að, og skal þeim þá rjett að færa vatnið í samt lag, en gera skal það innan árs frá lokum þess árs, er breytingin varð, enda sje tjón það, er af verkinu hlýst, bætt eftir mati, nema samkomulag verði.

15 4. Ef vatn liggur á tveim landareignum eða fleiri, þá má enginn 20. júní landeigandi fara svo með það, að hinum verði mein að.

10. gr.

Um hverri, laugar og ölkeldur skal fara eftir 9. gr., með þeim takmörkunum, sem hjer segir:

- a. Óheimilt er landeiganda að spilla hverum, laugum og ölkeldum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníbúrdi, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sje nauðsynlegt talið samkvæmt matsgerð til varnar því landi eða landsnyttjum.
- b. Skylt er landeiganda að láta af hendi nauðsynlegt vatn, land og efni úr landi til sundlaugar og sundskála til afnota í almenningsþarfir. Bætur fyrir laugavatn, land og landsafnot, átroðning og annað tjón eða óþægindi skal greiða eftir mati, nema samkomulag verði.

11. gr.

Öllum er heimilt að taka vatn til heimilisþarfa og bús, þar sem landeiganda er meinlaust, svo og að nota vatn til sunds og umferðar, einnig á ísi, enda fari það eigi í bága við lög, samþyktir eða annað lögmætt skipulag.

12. gr.

1. Gera má maður brunna og vatnsból á landareign sinni, en gæta skal hann þess, að eigi sje minkuð eða heft aðsókn vatns að brunnnum annara manna eða vatnsbólum, nema eigi sje annars kostur eða vatnsból yrði ella að mun dýrara eða vatnsaðdrættir erfiðari.

2. Eigi má heldur gera önnur mannvirki, ef ætla má, að þau hafi slíkar verkanir sem mælt var.

3. Ágreiningur um það, hvort fyrirtæki fari í bága við fyrirmæli 1. og 2. liðs þessarar gr., skal til lykta leiddur með matsgerð.

13. gr.

Skylt er mönnum að ganga svo frá brunnnum og öðrum vatnsgeymum, að mönnum, skepnum og landi annara manna stafi eigi hætta af.

14. gr.

1. Landeiganda einum er heimil ístaka af vatni á landi sínu.

2. Eigi má torvela eða hefta umferð um ísinn að nauðsynjalausu með ístökunni. Svo skal og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að afstýra hættu, svo sem með því að setja girðingar eða merki. Nánari fyrirmæli um þessi efni getur ráðherra sett eða falið hjeradsstjórnnum að setja.

15. gr.

Rjett landareignar til vatns, sem á henni er, til:

- a. heimilisþarfa, svo sem til drykkjar, suðu, þvotta, böðunar, til að vökva garða og til varnar við eldsvoða,
 - b. búþarfa, svo sem til að vatna skepnum, ullar- og fiskþvottar, og
 - c. jarðreктar, svo sem til vökvunar túna og áveitu,
- má eigi skilja við eignina, nema sjerstök lagaheimild komi til.

15
20. júní

16. gr.

1. Nú eru vatnsrjettindi af hendi látin án þess að eignarrjettur að landi sje jafnframt látinn, og fer þá eftir reglum um landkaup.

2. Nú lætur maður af hendi hluta landareignar, er liggur að vatni eða á, og er þá vatnsbotn og vatnsrjettindi falin í kaupinu, nema öðruvísi semji, þó svo, að sá hluti landareignarinnar, sem eftir verður, haldi óskertum vatnsrjettindum samkvæmt 15. gr. og hafi næg og kauplaus landsafnot til hagnýtingar þeim.

3. Ef sameignarlandi er skift eignarskiftum eða afnota, þá skulu hverri eign fylgja svo auðnotuð vatnsrjettindi, sem unt er, og nægt land eða næg og kauplaus landsafnot til hagnýtingar vatnsrjettindum hennar, samkvæmt 15. gr.

III. KAFLI.

Um vatnsnotkun til heimilis- og búþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar.

17. gr.

Eiganda landareignar, er vatnsrjettindi fylgja, er rjett að veita til sín vatni, sem um hana rennur eða á henni er, um föst veitutæki, til heimilis- og búþarfa á eigninni eða til iðnaðar og iðju, sem á henni er rekin, enda sje ekki meira vatni veitt en þörf er á, eða vatni því, sem afgangur verður, veitt í vatnslegið svo nærri upptökum veitunnar, að öðrum, sem tilkall eiga til vatnsins, verði sem minst tjón eða bagi að.

18. gr.

1. Nú er vatn of lítið til að fullnægja þörfum þeim, er í 17. gr. segir, og á þá hver sú landareign, er tilkall hefir til þess vatns, sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum. Heimilisþörf gengur fyrir búþörf og búþörf fyrir iðnaðar- eða iðjuþörf.

2. Ef menn skilur á um það, hversu hver þurfi mikils vatns, skal skera úr því með mati.

3. Ráðherra getur, að undangengnu mati samkvæmt 2. lið, skipað svo fyrir, ef nauðsyn þykir á vera vegna fyrirmæla 1. liðs, að vatnsveituvirkjum verði breytt, að þau skuli lögð niður eða afnot þeirra takmörkuð.

15

20. júní

19. gr.

1. Ef vatn, sem veitt er um sömu veitutæki, er notað til að fullnægja fleiri en einni af þörfum þeim, sem í 1. lið 18. gr. segir, þá skal fara um það vatn sem það væri alt haft til að fullnægja rjetthæstu þörfinni.

2. Ef skortur er á vatni til að fullnægja þörfum þeirra landareigna, er tilkall fylgir til sama vatns, má þó fara eftir ákvæðum 2. og 3. liðs 18. gr.

20. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að koma upp vatnsveitu til þess að fullnægja þörf almennings í kaupstaðnum á vatni samkvæmt 18. gr.

21. gr.

Þá er bæjarstjórn hefir komið á vatnsveitu um kaupstað, hefir hún einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á því svæði kaupstaðarins, sem vatnsveitunni er ætlað að ná yfir og hún getur fullnægt, svo og á höfn hans.

22. gr.

1. Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal bæjarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í kaupstaðnum. Bæjarstjórn ákveður upphæð skattsins alls ár hvert, en eigi má hún fara fram úr 5% (fimm af þúsundi) af fasteignamatsverði húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir virðingarverði og tölu íbúða, og má eigi nema meiru en 6% (sex af þúsundi) af fasteignamatsverði á neinni húseign.

2. Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatns-tökuna, er ákveða skal og í gjaldskrá.

3. Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaaukningu svarar, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

4. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að hann skuli tryggður með lögveðrjetti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með for-göngurjetti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði.

23. gr.

1. Bæjarstjórn leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu, á vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyrr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er bæjarstjórn leggur í götur, vegi eða opin svæði, leggur húseigandi vatnsæðar til sín á sinn kostnað.

2. Nú stendur svo á, að sjerstaklega kostnaðarsamt er að leggja vatnsæð frá aðalæð yfir lóð manns, og getur hann þá krafið sig undanþeginn vatns-

skatti, ef hann kýs að vera án vatnsins. Ef ágreiningur verður, skal skorið úr honum með mati. 15
20. júní

24. gr.

1. Í reglugjörð má kveða á um notkun vatnsins og meðferð, svo og um meðferð á vatnsæðum, tilhögun húsæða, löggilding vatnsvirkjara, sektir fyrir brot á reglugjörð og meðferð mála út af þeim, svo og önnur atriði, er vatnsveituna varða.

2. Reglugjörðir allar, þær er bæjarstjórn gerir um vatnsveitu og vatnsskatt, skal senda ráðherra til staðfestingar. Þegar reglugjörð hefir fengið staðfesting ráðherra, þá er hún lögmæt vatnsveitureglugjörð.

25. gr.

1. Bæjarstjórn er rjett að taka vatn það, er hún þarf til veitunnar, úr brunnum, uppsprettum eða vötnum í landareignum annara manna, enda sjeu þær ekki sviftar vatni því, er þeim er metið nauðsynlegt til þarfa þeirra, er í þessum kafla getur, nema þeim sje sjeð fyrir því með öðrum hætti, þeim eigi óhagfeldari.

2. Rjett er eiganda eða notanda þeirrar landareignar, sem vatn er tekið úr, samkvæmt 1. lið, að leggja til sín og á sinn kostnað vatnsæðar úr vatnsveitu kaupstaðarins, enda greiði hann kaupstaðnum aukakostnað af því, nema öðruvísi semji. Svo er honum og skylt að hlíta þeim reglum, sem settar eru eða verða settar í löglega gerðum fyrirmælum um vatnsveituna.

3. Haga skal vatnsveitu svo, að spjöll verði sem minst á atvinnu manna eða veiðitækjum, ef veiði er í vatninu. Ef spjöll verða, þá skal þau að fullu bæta.

4. Ef ágreiningur verður um einhver þeirra atriða, er í grein þessari getur, skal skorið úr með mati.

26. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot hvar sem er og hvenær sem er í þarfir vatnsveitu kaupstaðar, þar með talið grjóttak, malartekja og rista, svo og mannvirki, og að þola þær eignarkvaðir, óhagraði og takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

27. gr.

Ef nauðsynlegt þykir til þess að fyrirbyggja óhreinun vatns, sem tekið er til vatnsveitu handa kaupstað, þá er mönnum jafnskylt að láta af hendi land og láta í tje landsafnot og mannvirki, svo og að þola eignarkvaðir, óhagraði og takmarkanir, sem í 26. gr. segir, gegn fullum bótum eftir mati, nema um semji.

15
20. júní

28. gr.

1. Rjett er hreppsnefnd að koma upp vatnsveitu til að fullnægja þörfum almennings í hreppnum á vatni, semkvæmt 17. gr. Áður en fyrirtækið er afráðið, skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu og ef tiltækiegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti að veitunni og áætlun um stofnkostnað og árlegan rekstrarkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar vatnsveitunnar, ef hún kemst á, en greiðist ella úr sveitarsjóði.

2. Ekki má ákveða að koma upp vatnsveitu á kostnað hrepps, nema rannsókn sú, er í 1. lið getur, leiði í ljós, að hagfelt sje, að öllu athuguðu, fyrir að minsta kosti helming af fasteignum í hreppnum að gera veituna og starfrækja hana, eða það verði samþykkt á lögmatum hreppsfundi. Á þær fasteignir í hreppnum, sem ekki nota veituna samkvæmt framanskráðu, má ekki vatnsskatt leggja.

3. Þá er hreppsnefnd hefir löglega samþykkt að koma upp vatnsveitu samkvæmt 1. og 2. lið, skal senda samþyktina ásamt öllum þeim gögnum, sem í sömu liðum segir, til oddvita sýslunefndar, og skal hann síðan senda gögnin, ásamt umsögn sýslunefndar, ráðherra til staðfestingar. Þegar fengin er staðfesting hans á samþyktina, getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið.

4. Hreppsnefnd semur reglugjörðir allar um vatnsveituna, þar á meðal gjaldskrá um vatnsskatt.

5. Um vatnsveitur þessar fer að öðru leyti eftir ákvæðum 20.—27. gr.

6. Þar sem ekki er hægt í hrepp að veita neysluvatni með kleifum kostnaði, skal hreppsnefnd heimilt að gera brunna til almennings notkunar, og fer um kostnað af því, notkun, viðhald og önnur rjettindi eins og að framan er mælt um vatnsveitur, að því leyti sem við á.

29. gr.

1. Nú vill löggilt kauptún, sem ekki er hreppur út af fyrir sig, eða hverfi, koma sjer upp vatnsveitu til að fullnægja þörfum sínum á vatni samkvæmt 17. gr., og geta þá eigendur fasteigna þeirra, er nota ætla vatnsveituna, gert með sjer fjelag, er nefnist vatnsveitufjelag, en lög fjelagsins kallast vatnsveitusamþykkt. Um fjelagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti sem fyrir-mæli þessa kafla taka ekki til þess.

2. Stjórn vatnsveitufjelags semur samþyktir þess, þar á meðal gjaldskrá.

3. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 20.—27. gr.

30. gr.

1. Nú eiga 2 eða fleiri fasteign, og vilja sumir stofna til vatnsveitu til heimilis- og búsparfa á eigninni, og getur þá sá eða þeir, sem meiri hluta fasteigna eiga, ákveðið að gera veituna, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulega

þátt í kostnaði öllum af henni, ef metið verður, að fasteigninni muni verða meira hagræði af veitunni en sem kostnaðinum nemur. 15
20. júní

2. Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd og umsjón verksins, eða um niðurlögn kostnaðar, þá skal skera úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverjir skuli hafa umsjón eða framkvæmd á hendi, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Rjett er að stofnkostnaður ásamt vöxtum sje greiddur í jöfnum afborgunum á 15 árum, ef aðili óskar þess. Hver aðilja sem vill, getur beiðst staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má taka tillög lögtaki, ef matsgerðin verður staðfest.

31. gr.

1. Ef maður getur ekki aflað sjer vatns í landareign sinni til heimilis- og búsparfa, eða þar er að mun kostnaðarsamara eða bagameira að afla þess en af landareign annars manns, þá er honum rjett að afla þess þaðan, enda sje þar vatn afgangss frá heimilis- og búspörfum. Er honum rjett að fara yfir land annars manns í því skyni, en gera skal hann svo lítinn usla sem unt er og bæta tjón á landi eða vatnsbólí og kosta gerð þess og viðhald að sínum hluta, eftir mati, nema samkomulag verði.

2. Gera má maður brunn eða annað vatnsból í landi annars manns, ef svo er ástatt sem í 1. lið segir. Um batur fer þá og sem þar segir, eftir því sem við á.

32. gr.

1. Nú þarf maður að taka vatn af landi annars manns í vatnsveitu til þarfa eignar sinnar, samkvæmt 17. gr., og er honum það rjett, enda sje vatn nægt, er eigi sje notað til samkynja þarfa þeirrar eignar.

2. Ef lögnáms þarf samkvæmt 25., 26. eða 27. gr., getur ráðherra veitt leyfi til þess. Fer þá um mat og endurgjald sem í þeim gr. segir.

3. Beita má ákvæðum 2. liðs 25. gr., ef vatn er tekið samkvæmt 1. lið þessarar greinar.

33. gr.

Nú þarf maður vatnsveitu til námuvinslu, verksmiðjuíðnaðar eða annarar iðju, og er honum þá rjett að taka til þess vatn eftir þörfum, enda sje enginn með því sviftur vatni til þarfa þeirra, er í 17. gr. segir. Svo er honum og heimilt, ef ráðherra leyfir, að heimta af hendi látið nauðsynlegt land og landsafnot til veitunnar, gegn endurgjaldi eftir mati, nema aðiljar verði ásáttir.

Ákvæðum 2. liðs 25. gr. og 27. gr. má beita svo sem við á.

34. gr.

Hverjum þeim, sem ekki hefir tekið í öndverðu þátt í vatnsveitufyrirtæki, er rjett að gera það síðar, enda verði það metið, að vatn sje til þess

15 nægilegt og að það valdi eiganda veitunnar eigi verulegu óhagræði að öðru
20. júní leyti. En hlíta skal hann þeim ákvæðum, sem sett eru eða sett verða um notkun vatnsins og meðferð veitunnar. Svo skal hann og greiða endurgjald fyrir vatnsnotin eftir mati, nema samkomulag verði.

35. gr.

Vatnsveitur, sem gerðar hafa verið með heimild í eldri lögum, skulu sæta þeim reglum, er þar segir. Þó skulu fyrirmæli 34. gr. einnig taka til slíkra vatnsveitna.

IV. KAFLI.

Um áveitur.

36. gr.

Landeiganda er heimilt að hagnýta sjer vatn, sem er á landareign hans eða um hana rennur, til áveitu í ræktunarskyni á hana sjálfa eftir þörfum, enda sje enginn sviftur með því neysluvatni (15. gr. a—b) nje neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um útvegum neysluvatns nje því spilt fyrir neinum, svo að veruleg óþægindi sjeu að.

37. gr.

Þar sem merkivötn skilja landareignir, er hvorri rjett að nota vatnið eftir þörfum sínum. Þarfir samkvæmt 17. gr. ganga fyrir áveituþörf. Ef vatn er svo lítið, að ekki nægi báðum eða öllum, skal ákveða skifti og notkun þess með mati.

38. gr.

Rjettur til hagnýtingar á vatni til áveitu verður ekki frá landareign skilinn, sbr. þó 37. gr., nema vatnið sje tekið til neyslu (15. gr. a—b) eða til áveitu á aðrar landareignir samkvæmt 39. gr. Ef ágreiningur verður um það, hve mikið vatn þurfi til að fullnægja áveituþörf landareignar, skal skera úr því með mati.

39. gr.

1. Nú er ekki nógu mikið, nógu gott eða nógu auðtekið vatn fyrir hendi innan landareignar til áveitu á hana sjálfa, og er þá eiganda hennar eða notanda rjett að krefjast áveituvatns eftir þörfum úr öðrum landareignum, með þessum takmörkunum:

- a. að enginn sje fyrir það sviftur vatni til þarfa samkvæmt 17. gr. nje neinum bakaðir óhæfilegir erfiðleikar um útvegum slíks vatns, nje því spilt fyrir neinum, svo að veruleg óþægindi sjeu að.

b. að ekki þurfi að nota sama vatn til áveitu á þá landareign sjálfa, sem vatnið er tekið í, nema arður af notkun þess til áveitu þar yrði mun minni en arður af notkun þess til þeirrar áveitu utan landareignarinnar, sem vatnsins er krafist til. 15
20. júní

2. Nú rís ágreiningur um, hvort taka vatns til áveitu utan landareignar þeirrar, sem vatnið er tekið í, fari í bága við framangreindar takmarkanir, og getur þá hvor aðili látið meta, hvort taka vatnsins sje heimil samkvæmt ákvæðum greinar þessarar. Ef taka vatnsins er metin heimil, en talið er að af henni stafi auknir erfiðleikar um útvegum vatns til þarfa samkvæmt 17. grein eða spjöll á því vatni eða skaði að vatnstökunni að öðru leyti, þá skulu ákveðnar fullar bætur fyrir alt þetta.

40. gr.

Sá, sem þarf að hafa afnot af landi annars manns til þess að koma upp, halda við eða starfrækja áveitu, getur látið matsgerð fara fram, ef samkomulag næst eigi. Ef tjón það, sem verkið í heild sinni bakar öðrum en áveitueiganda, er metið mun minna en hagnaður sá, sem áveitueigandi hefir af því, og ekki er talið hallkvæmara að framkvæma verkið með öðrum hætti en til er stofnað, skulu landsafnotin heimiluð, en meta skal fullar bætur fyrir.

41. gr.

1. Áveitum skal haga svo, að ekki sje neinum til boga veitt meira vatni úr fornum farvegi en nota þarf. Svo skal veita á land og af landi, að öðrum sje sem minst mein að, og fella vatn aftur í fornan farveg, ef unt er, og svo nærri upptöku sem gerlegt þykir.

2. Nú telur einhver sjer mein að áveitu annars manns og samkomulag næst ekki, og getur þá sá, er telur sig fyrir skaða verða, krafist matsgerðar. Nú telur matsnefnd að vísu skaða að áveitunni, en þó mun minni þeim hag, sem hinn hefir af henni, og skal áveitan þá engu að síður heimil, en fullar bætur skal meta.

42. gr.

Nú þykir hentugt að stofna og starfrækja áveitu í ræktunarskyni á fleiri landareignir í einu lagi, og geta þá eigendur landareigna þeirra, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, gert með sjer áveitufjelag. Um fjelagsstofnunina fer eftir ákvæðum XI. kafla. Lög fjelagsins nefnast áveitusamþykkt, en áveitan nefnist samáveita.

43. gr.

Þegar löggilt áveitusamþykkt hefir verið sett, eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveituverkinu er ætlað að ná til, skyldir að leyfa landsafnot til mannvirkja, er áveituna varða, svo sem land undir skurði og

15 efni úr landinu, hvort sem er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, 20. júní stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfir höfuð að þola allar þær kvaðir, óhagræði eða takmarkanir á afnotarjetti, sem áveituverkið hefir í för með sjer, enda komi fullar batur fyrir. Ef eigi næst samkomulag um batur, skal ákveða þær með mati.

44. gr.

Kostnaði öllum af samáveitu skal stjórn hennar jafna niður á landareignir þær, sem áveitan nær yfir, aðallega eftir stærð þess lands, er vatn næst yfir. Þó skal taka tillit til þess, hvernig land liggur við áveitunni og hver not geta orðið af henni fyrir það, í samanburði við aðrar landareignir. Matsnefnd skal skera úr, ef ágreiningur verður um niðurjöfnun.

45. gr.

Ef einhver vill gerast hluttakandi í samáveitu eftir að henni hefir verið komið á, með þeim hætti, að hann fái vatn til áveitu á land sitt, þá á hann rjett til þess, ef það er að dómi matsmanna samáveitunni bagalaust. En skylt er honum þá að taka þátt í kostnaði öllum af áveitunni, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, að rjetttri tiltölu við aðra aðilja.

46. gr.

1. Nú er samþykkt ger um samáveitu, og skal þá hver landeigandi greiða stofnkostnað og árlegan kostnað af samáveitunni eða þeim hluta, sem eftir niðurjöfnun samkvæmt 44. gr. kemur á landareign hans.

2. Leiguliði á jörð, sem samáveitan nær til, er skyldur að viðlögðum ábúðarmissi, að standa landsdrotni árlega skil á upphæð, er samsvari umsjónar- og viðhaldskostnaði, að viðbættum ársvöxtum af stofnkostnaði áveitunnar, að þeim hluta, er kemur á býli hans samkvæmt niðurjöfnun.

47. gr.

Nú hefir staðfest samþykkt verið gerð um samáveitu, en eigandi einhverrar þeirrar landareignar, sem áveitan á að ná til samkvæmt samþykktinni, neitar að taka þátt í kostnaði við áveituna, og getur þá stjórn samáveitunnar krafist þess, að landareignin sje tekin lögnámi handa áveitufjelaginu.

48. gr.

1. Nú eiga menn landareign í fjelagi, og vilja sumir veita á hana vatni, en sumir eigi, og getur þá sá eða þeir, sem meiri hluta landareignar eiga, ákveðið að framkvæma fyrirtækið, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulegan þátt í öllum kostnaði af því, ef metinn verður mun meiri hagnaður en kostnaður.

2. Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins eða um skiftingu kostnaðar, þá skal skorið úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um

það, hver eða hverjir skuli hafa á hendi framkvæmd og umsjón verksins, telja 15 kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Stofnkostnaði ásamt vöxtum skal skift í jafnar árgreiðslur, ef aðili óskar þess, þannig að honum sje lokið 20. júní á 15 árum. Beiðast má maður staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má taka tillög lögtaki, ef matsgerð verður staðfest.

V. KAFLI.

Um notkun vatnsorku.

49. gr.

1. Eiganda landareignar, sem vatnsrjettindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rjett að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sje enginn fyrir það sviftur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, nje neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, nje vatni, er nota þarf með þeim hætti, spilt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.

2. Eigi má umráðamaður vantsrjettinda virkja hluta af fallvatni, sem hefir meira en 500 eðlishestöfl, nema leyfi ráðherra komi til, og má binda leyfið þeim skilyrðum, sem hann telur nauðsynleg til þess að hagkvæm virkjun á fallvatninu geti síðar farið fram, eða synja um leyfið, ef ekki þykir gerlegt að setja fullnægjandi skilyrði um þetta.

3. Nú vill umráðamaður vatnsrjettinda virkja fallvatn, sem nemur meiru en 500 eðlishestöflum, og skal hann þá beiðast leyfis ráðherra áður byrjað sje á framkvæmd verksins, og jafnframt senda frumdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi má binda þeim skilyrðum um vatnstökuna, gerð og tilhögun mannvirkja, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja almenningshagsmunum, þar á meðal sjerstaklega það, að unt verði seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almenningssparfa í hjeraði því eða landshluta, sem orkuverið eða veitan er í. Enn fremur má setja skilyrði um það, að almenningi í nágrenni við veituna sje veittur kostur á orku úr henni með þeim hætti, að ráðherra skuli setja gjaldskrá um verð á orku, ef orka verður seld almenningi frá verinu, eða úrskurða ágreining um orkuverð, svo að báða aðilja skuldbindi, enda þótt engin gjaldskrá hafi verið sett.

50. gr.

1. Rjett er eiganda landareignar að gera stíflu í vatnsfarvegi og veita vatni úr eðlilegum farvegi, hvort sem er um opinn skurð, pípu eða jarðgöng, ef nauðsynlegt er vegna vatnsorkunota samkvæmt 49. gr., enda sjeu ekki gerðar skemdir á landi annara manna um nauðsyn fram. Eigi má veita meira vatni úr eðlilegum farvegi í þessu skyni en þörf er á, en öllu skal því veitt í fornan farveg áður en landareigninni sleppir, nema samlög sjeu milli fleiri landareigna um orkuvinslu.

15 2. Vatnsorku þeirri, sem unnin er samkvæmt 49. gr., má umráðamaður
20. júní hennar breyta í raforku og veita um landareign sína eftir raforkutaugum ofan
jarðar eða neðan.

3. Ef nauðsyn þykir á vera, getur ráðherra veitt lögnám með þeim hætti,
sem í 55. gr. segir.

51. gr.

1. Þar sem merkivötn skilja landareignir, hafa eigendur beggja jafnan
rjett til að nota vatn úr þeim samkvæmt 49. og 50. gr.

2. Nú mægir merkivatn ekki báðum landareignum, og hefir þá eigandi
hvorrar fyrir sig rjett til svo mikils af vatnsorkunni, sem svarar hálfu renslis
merkivatsins og fallhæð þeirri, sem er fyrir landi hans, enda hafi ekki önnur
lögmat skipun verið á gerð.

52. gr.

1. Nú vill eigandi annars vatnsbakka gera stíflu í vatni til orkunýtingar
og þarf að nota til þess land hinum megin, og skal hann þá bjóða eiganda þess
lands að gera stíflu með sjer og nota vatnið að rjetttri tiltölu. Nú verða þeir á
þessa skipun sáttir, en skilur á um framkvæmd verksins, skiftingu kostnaðar eða
vatnsnot, og skal þá skera úr með mati.

2. Nú vill eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í stíflugerð, og
getur hinn þá fengið leyfi ráðherra, samkvæmt 50. gr. 3. lið, til afnota af landi
hans til að framkvæma verkið og nota vatnið. Skal þá venjulega áskilja það í
leyfi, að stíflu verði svo hagað, að sá, sem ekki tók þátt í verkinu, megi síðar
hagnýta sjer þann hluta vatns, sem hann á tilkall til, án þess að breyta þurfi
stíflu að mun, en kostnað, sem leiðir sjerstaklega af slíkri tilhögun, skal sá
greiða. Meðan hann notar ekki vatnsorku þá, sem hann á tilkall til, má sá, er
stíflu gerði, hagnýta sjer hana kauplaust. Nú hagnýtir sá, er ekki tók þátt í
stíflugerð, sjer síðar vatnið, eða lætur annan gera það, að einhverju leyti eða
öllu, og skal hann þá taka þátt í stofnkostnaði og viðhaldskostnaði eftir mati,
nema um semji.

53. gr.

1. Nú eiga menn í fjelagi tilkall til orku úr sama fallvatni, enda taki
52. gr. eigi til þess, og verða þeir ekki ásáttir, hvernig það skuli notað til orku-
vinslu, og getur þá ráðherra heimilað, að þeir, sem tilkall eiga til meira en
helmings vatnsorkunnar, talinnar eftir vatnsmagni og fallhæð, leysi til sín til-
kall minni hlutans. Þetta er þó því skilyrði bundið, að hagnýting fallvatnsins
í heild sinni sje að mun hallkvæmari en hagnýting hluta innleysenda út af fyrir
sig, og að ekki sje skertur rjettur þriðja manns, er hann kann að hafa fengið
yfir vatnsrjettindunum áður en lausnar var krafist.

2. Sá hluti vatnsorkurjettar, er maður leysir til sín samkvæmt 1. lið,
skal metinn sem hluti alls rjettarins. Þó skal taka til greina, hvort sá hluti

virkjunarkostnaðar, sem sjerstaklega varðar innleysta vatnsorkurjettinn, er til- **15**
 tölulega mikill eða lítill. **20 júní**

3. Ágreiningi um atriði þau, er í grein þessari getur, skal ráða til lykta með mati.

54. gr.

1. Ráðherra er rjett að taka lögnámi sjerhvert fallvatn, virkjað eða óvirkjað, til að vinna úr því orku til almenningsþarfa, svo og orkuver eða orkuveitur, ef nauðsynlegt þykir til að fá hallkvæma skipun á orkuveitum um eitt-hvert svæði, og að veita orku eftir taugum ofan jarðar eða neðan til neyslustaðanna, enda sje gætt fyrir mæla 49. gr. 1. liðs um vatn, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla.

2. Nú hefir ráðherra framkvæmt lögnám samkvæmt 1. lið, og skal þá fult endurgjald koma til handa þeim, er tjón bíða af vatnstöku eða orkuver eða orkuveitu áttu. Svo skal og öllum þeim, er fengið hafa orku frá veri því eða veitu, sem lögnámi var tekin, ger kostur á eigi minni orku en þeir hafa áður fengið frá verinu eða veitunni og ekki með lakari kjörum en samningar standa til. Ef menn greinir á um efni þau, er í þessum lið segir, skal skera úr með mati.

3. Rjett sinn samkvæmt þessari grein getur ráðherra, eftir því sem á stendur, notað, hvort sem er með því að framkvæma virkjunina sjálfur eða leyfa öðrum það samkvæmt sjerleyfislögum, ef því er að skifta.

4. Þegar fallvatn er tekið samkvæmt þessari grein, skal þess gætt, að hjeruðum í grend við fallvatnið sje ekki gert öruðugt um að afla sjer nauðsynlegrar orku.

55. gr.

Þegar ráðherra hefir ákveðið að gera eða leyft að gera orkuver eða orkuveitu samkvæmt 54. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveða með mati, ef samkomulag næst ekki.

56. gr.

1. Þá er ráðherra hefir ákveðið að koma upp eða leyft að koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu, er honum, eða eftir atvikum leyfishafa samkvæmt 54. gr. 3. lið, áskilinn einkarjettur til að veita raforku um svæði það, sem orkutaugarnar eiga að ná yfir, og til þess að selja raforku á því svæði. Um orkuver og orkuveitur, sem fyrir eru í því takmarki, fer þá eftir ákvæðum 57. gr.

15 2. Ráðherra skal auglýsa þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu ákvörðun um stofnsetning orkuvers eða orkuveitu og um takmörk veitunnar.

57. gr.

1. Nú eiga einstakir menn, fjelög eða hjeruð orkuver eða orkuveitur í því takmarki, sem auglýsing samkvæmt 56. gr. 2. lið er gefin út fyrir, og skulu þá eigendur þeirra skýra ráðherra frá því innan 3 mánaða frá síðustu birtingu auglýsingarinnar, ef þeir óska að halda starfrækslunni áfram, og ákveður hann þá staðartakmörk þess fyrirtækis um leið og hann veitir því leyfi til að starfa áfram. Þetta leyfi veitir engan frekari rjett en þeir höfðu áður, og er því ekki til fyrirstöðu, að ráðherra stofnsetji og starfræki orkuver eða orkuveitur innan takmarka fyrirtækisins.

2. Orkuver, er gerð hafa verið samkvæmt lögum nr. 28, 20. okt. 1913, og lögum nr. 51, 3. nóv. 1915, eru undanþegin niðurlagsákvæði 1. liðs þessarar greinar.

58. gr.

Nú vill hjeraðsstjórn koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu til þess að fullnægja þörf almennings í hjeraðinu á raforku, og skal hún þá beiðast samþykkis ráðherra til þess og jafnframt senda honum, áður en byrjað er á verkinu, frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim. Samþykki ráðherra, má binda skilyrðum um vatnstökuna, gerð og tilhögun mannvirkjanna, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til að tryggja jafnrjetti notenda og almenningshagsmuni, þar á meðal sjerstaklega það, að unt sje seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa í landshluta þeim, sem hjeraðið er í.

59. gr.

Þegar hjeraðsstjórn hefir ákveðið að koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu og fengið til þess samþykki ráðherra, er henni rjett að taka lögnámi fallvatn, virkjað eða óvirkjað, til afnota í því skyni, enda sje gætt fyrir-mæla 49. gr. 1. liðs, um vatn það, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla. Fyrirmælum 55. gr. má og beita hjer. Um bætur og annað fer eftir 54. gr. 2. lið.

60. gr.

Þegar hjeraðsstjórn hefir komið upp orkuveitu samkvæmt 58. gr., getur ráðherra veitt henni einkarjett, samkvæmt 56. gr., um tiltekið árabíl; þó aldrei lengur en orkuveitan fullnægir allri eftirspurn eftir orku í takmarki sínu. Um orkuver, sem þar kunna að vera fyrir, fer eftir ákvæðum 57. gr.

61. gr.

1. Hjeraðsstjórn leggur orkutaugar svo, að sjerhver, sem óskar að fá til sín orku í takmarki orkuveitunnar, ná til þeirra á jafnhentugum stað sem

aðrir notendur yfirleitt. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef nauðsyn þykir til vegna staðháttá. Frá orkutaugum þessum leggur húseigandi heimtaug til sín á sinn kostnað, nema hjeraðsstjórn hafi ákveðið, að orkuveita skuli kosta þær að einhverju leyti eða öllu.

2. Nú vill einhver, sem býr utan takmarks orkuveitu, hvort sem er innan hjeraðs eða utan, fá orkutaug til sín, og er honum það rjett, ef orkuveitan er aflögufær, enda beri hann sjálfur allan aukakostnað, er veitan heim til hans hefir í för með sjer. Ef ágreiningur verður, sker ráðherra úr.

3. Heimilt er hjeraðsstjórn að gera þeim mönnum betri kjör um heimtaugar, er gerast notendur orku innan tiltekins tíma frá því er starfræksla orkuveitu hefst, en þeim, er síðar koma til.

62. gr.

1. Gjald fyrir raforku skal ákveða í gjaldskrá, er hjeraðsstjórn semur og ráðherra staðfestir. Gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki. Gjaldskrá skal endurskoða ekki sjaldnar en 5. hvert ár.

2. Ef árskostnaður af orkuveitu verður meiri en það, sem inn kemur fyrir notkun hennar yfir árið samkvæmt gjaldskrá, má greiða það, sem til vantar, úr hjeraðssjóði. Þegar þannig stendur á, er heimilt að krefja aukagjalds af notendum utanhjeraðs, er nemi jafnmiklum hluta af gjaldi þeirra yfir árið samkvæmt gjaldskránni, sem tillag hjeraðssjóðs nemur miklum hluta af árstekjum orkuveitunnar samkvæmt gjaldskrá, þeim er fengnar hafa verið innanhjeraðs.

3. Ef árstekjur af orkuveitu verða meiri en árskostnaður af henni, að meðtalinni hæfilegri fyrmingu, er heimilt að láta afganginn renna í sjóð hjeraðsins. Nú nemur tekjuafgangur sá, sem þannig er ráðstafað, meira en 10% af tekjuupphæð þeirri allri, sem komið hefir inn samkvæmt gjaldskrá fyrir notkun orkuveitunnar yfir árið, og eiga notendur utanhjeraðs þá rjett til endurgreiðslu á því, sem umfram verður, að sínum hluta.

63. gr.

Hjeraðsstjórn getur sett reglur, með samþykki ráðherra, um notkun raforkunnar, meðferð á raforkutækjum og önnur atriði, er orkuveitu varða.

64. gr.

1. Nú vill löggilt kauptún, sem eigi er hræppur út af fyrir sig, eða hverfi koma sjer upp orkuveri eða orkuveitu til að fullnægja þörfum sínum á raforku, og geta þá eigendur landareigna þeirra, sem nota ætla orkuveituna, gert með sjer fjelag, er nefnist orkuveitufjelag, en lög fjelagsins nefnast orkuveitusamþykt. Um fjelagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti sem ekki er sjerstaklega ummælt í þessum kafla.

2. Samþykki ráðherra slíku fjelagi til handa má, auk þess, sem segir í 58. gr., binda þeim skilyrðum, sem ákveðin kunna að verða í sjerleyfislögum.

15 3. Að öðru leyti gilda reglurnar í 58.—63. gr., þannig að í stað hjeraðs-
20. júní stjórnar kemur stjórn orkuveitufjelags og í stað hjeraðs kemur orkuveitufjelag.

65. gr.

1. Nú vill einstakur maður afla sjer raforku og þarf að taka í því skyni til notkunar fallvatn, sem annar hefir umráð yfir, og getur þá ráðherra leyft það, ef hann á ekki kost nægilegrar raforku úr neinni veitu, sem fyrir er, og hefir ekki umráð yfir öðru fallvatni, eða honum yrði mun kostnaðarsamara að virkja það, enda verði hagur hans af vatnstökunni talinn mun meiri en tjón hins af missi þess. Þó skal gæta fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn til notkunar samkvæmt III. og IV. kafla.

2. Ráðherra getur veitt leyfi til lögnáms samkv. 55. gr.

3. Ef taka á til notkunar fallvatn, sem nemur meira en 500 eðlishestöflum, eða hluta úr því, getur ráðherra enn fremur sett þau skilyrði, er í 49. gr. 2. og 3. lið segir.

4. Um batur fer samkvæmt 54. gr. 2. lið.

66. gr.

Nú er fallvatn tekið lögnámi samkvæmt 54., 59., 64. eða 65. gr., og er þá eiganda þeirrar landareignar, sem það er í, rjett að krefjast þess, enda hafi rjetturinn til orkunýtingar ekki verið áður skilinn frá eigninni, að honum verði látin í tje raforka til þarfa sinna, í stað endurgjalds í peningum, frá orkuverinu. Samsvarandi gildir, ef svo er ástatt sem í 53. gr. segir, þó svo, að heimta má endurgjald í orku, þótt orkunýtingarrjettur hafi verið skilinn við landareign.

67. gr.

Nú vill landsdrottinn ekki kosta raforkuveitu, og getur leiguliði þá gert veituna á sinn kostnað, en landsdrottni skal þá skylt að kaupa veitutækin eftir mati, þegar leiguliði fer frá jörðinni, enda sje orka þá vís framvegis, eigi skemur en næstu 5 ár og seld frá orkuveri eftir staðfestri gjaldskrá, og sje kostnaður við heimtaugar ekki meiri en yfirleitt fyrir aðra notendur orku frá því veri.

VI. KAFLI.

Um vatnsmiðlun.

68. gr.

1. Ráðherra er heimilt að gera mannvirki og aðrar ráðstafanir til miðlunar á vatnsmagni í vatnsfalli til orkunýtingar eða í öðrum tilgangi.

2. Þegar ákveðið hefir verið að framkvæma miðlun samkvæmt 1. lið, hefir ráðherra heimild til lögnáms samkvæmt 55. gr.

3. Nú hefir ráðherra komið á stofn miðlun samkvæmt framanskráðu, og

getur hann þá ákveðið, að eigendur orkuvera og annara atvinnufyrirtækja, sem hafa not af miðluninni, skuli greiða árgjald í ríkissjóð, er ákveðið sje þannig, að allir þeir, sem hafa not af miðluninni, greiði að tiltölu rjetttri við hagnað sinn, og þó ekki meira en hagnaðinum nemur, og ekki heldur meira allir til samans, en það, sem þarf til að ávaxta stofnkostnað fyrirtækisins með 6% árlega, kosta viðhald þess og starfrækslu og fyrna stofnkostnaðinn á 40—60 árum. Ef ágreiningur verður um niðurjöfnun stofnkostnaður, skal skera úr með mati.

4. Ráðherra getur sett þær ákvarðanir um afnot vatnsfalla þeirra, er miðlunin tekur til, sem honum þykja nauðsynlegar til að afstýra eða ráða bót á tjóni eða óhagræði fyrir almenning eða einstaka menn.

69. gr.

1. Ráðherra getur veitt öðrum heimild til að framkvæma vatnsmiðlun með þeim skilmálum, er þurfa þykir til þess að gætt sje hagsmunum ríkisins, almennings eða einstakra manna.

2. Umráðamenn vatnsrjettinda skulu að öðru jöfnu ganga fyrir öðrum um leyfi til vatnsmiðlunar, ef þeir vilja virkja vatn, sem þeir hafa umráð yfir eða gera með sjer fjelag í því skyni.

70. gr.

1. Nú vill hjerað, orkuveitufjelag eða einstakir menn eða fjelög framkvæma vatnsmiðlun til afnota handa orkuveri, sem þeim er heimilað eða leyft að koma upp samkvæmt V. kafla, og skal þá líta svo á, sem miðlunarfyrtækid sje einn liður í orkuverinu, þannig að öll ákvæðin í V. kafla 58.—65. gr. ná til miðlunarfyrtækisins að því leyti sem þau geta átt við. Þó skal ávalt þurfa sjerstakt leyfi til miðlunar:

- Þegar fyrtækid getur haft í för með sjer skaðleg áhrif á umferð um vatnsfall eða veiði eða notkun vatnsins til áveitu eða annars, svo að verulega muni um.
- Þegar það veldur því, að land eða landsnyttjar komast svo undir vatn eða spillast svo, að telja megi verulegt tjón að.
- Þegar það getur að öðru leyti valdið öðrum tjóni eða skaðlegri breytingu á landsháttum, svo að verulegt megi teljast.
- Þegar forræðis eða afnota þarf af landi annara eða rjettindum, enda verði ekki allir rjetthafar sáttir á framkvæmd verksins.

2. Framangreind ákvæði taka og til breytinga á eldri miðlunarvirkjum.

3. Það, sem mælt er í lögum þessum um vatnsmiðlun, tekur og til mannvirkja og fyrtækja til aukningar á vatnsmagni með veitu úr öðru vatni.

4. Bætur fyrir tjón af miðlunarvirkjum skal greiða eftir mati, ef ekki verður samkomulag. Ennfremur má binda miðlunarleyfi þeim skilyrðum, að leyfishafi greiði fyrir fram bætur að öllu leyti eða einhverju eða setji tryggingu fyrir þeim.

15
20. júní

71. gr.

Nú þykir efasamt, hvort svo er ástatt sem í 70. gr. 1. lið a—d segir, og getur þá sá, er miðlun vill framkvæma, svo og hver sá, er telur hana varða hag sinn, krafist matsgerðar um það mál. Skulu matsmenn bjóða ráðherra með 4 vikna fyrirvara að vera við matið, og auglýsa stað og stund, með þeim hætti, er þeir telja fullnægjandi, þeim, er ætla má, að eigi hagsmuna að gæta, ef miðlunin kemur til framkvæmda.

72. gr.

Leyfi til vatnsmiðlunar, sem veldur almenningi eða einstökum mönnum бага eða tjóni, má venjulega ekki veita, nema telja megi tjónið eða bagann lítils virði, borið saman við þann hagnað, sem fyrirtækið hefir í för með sjer, enda sje einnig tekinn til greina í þessu efni áætlaður kostnaður af framkvæmd þess.

73. gr.

Af hendi landsstjórnarinnar skal hafa sjerstakt eftirlit með öryggi mannvirkja þeirra, sem gerð eru til söfnunar vatni í miðlunarskyni, og er eigendum mannvirkjanna jafnan skylt að framkvæma tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar verða til öryggis, svo og að haga framkvæmdum öllum eftir þeim fyrirskipunum, sem gerðar verða vegna hagsmuna ríkis, almennings eða einstakra manna.

74. gr.

1. Mannvirki þau, sem leyft er að koma upp samkvæmt 69. eða 70. gr., má eigi niður leggja, nema ráðherra leyfi.

2. Þegar mannvirki er lagt niður, þá er eiganda skylt að gera þær ráðstafanir, sem ráðherra heimtar, til að afstýra hættu eða tjóni þar í grend eða á eignum, sem neðar liggja við vatnsfallið.

3. Greiða skal batur fyrir tjón eða óhagraði, sem niðurlagningin veldur, eftir mati, ef ekki semur. Bótaskyldan hvílir á eiganda miðlunarvirkja.

VII. KAFLI.

Um varnir lands og landsnytja gegn ágangi vatna.

75. gr.

1. Rjett er ríkinu, hjeruðunum, vatnafjelögum og einstökum mönnum að hleypa niður vatnsfarvegi, vikka hann eða rjetta, gera nýjan farveg, flóðgarða og fyrirhleðslur eða önnur mannvirki í vatni eða við það í því skyni að verja land eða landsnytjar við spjöllum af landbroti eða árenslu vatns.

2. Nú þarf sá, er vill framkvæma mannvirki slík sem í 1. lið segir, til þess afnot af landi annara manna, og getur þá ráðherra veitt heimild til lögnáms samkvæmt 55. gr.

3. Nú þykir tjón eða hætta búin eign annars manns eða rjettindum af mannvirkjum slíkum sem í 1. lið segir, eða að af þeim mundu stafa óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta hagsmunum almennings, og má þá því að eins framkvæma verkið, að leyfi ráðherra komi til. Leyfi má binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja vegna hagsmuna ríkisins, almennings eða einstakra manna. 15
20. júní

4. Bæta skal tjón og spjöll á eignum annara, sem leiðir af framkvæmdum samkvæmt þessari grein. Bætur skal ákveða með mati, ef eigi semur.

76. gr.

1. Nú framkvæmir ríkið fyrirtæki þau, er í 75. gr. segir, og getur ráðherra þá ákveðið, að þeir, sem hafa hag á landi sínu eða landsnyttjum af þeim, skuli taka þátt í kostnaði öllum eða í þeim hluta kostnaðar, sem ráðherra ákveður, svo og í viðhaldi eftirleiðis að tiltölu við það, hvers virði hagarinn verður hverjum þeirra talinn eftir mati.

2. Samskonar ákvörðun má og taka, ef slík fyrirtæki þykja nauðsynleg, þegar einhver þeirra, sem hlut á að máli, hrindir þeim í framkvæmd, og allir þeir landeigendur eða rjettinda, sem hag hafa af fyrirtækinu á landi sínu eða landsnyttjum, geta ekki komið sjer saman um að vinna verkið í fjelagi.

3. Tillagsskyldu slíka sem áður greinir má og með sama hætti leggja á til að standa straum af tiltöhlulegum hluta kostnaðar af mannvirkjum eða öðrum framkvæmdum, er í senn miða til varnar við spjöllum af vatnavöxtum eða flóði, til þurkunar lands, fyrirgreiðslu umferðar eða notkunar vatnsorku.

77. gr.

Tillög samkvæmt 76. gr. má taka lögtaki. Nú hefir aðili, sem hag hefir af framkvæmdinni, eigi berum orðum samþykkt fyrirtækið, og skal honum þá heimilt að greiða þann hluta, er á eign hans kemur, með árlegum greiðslum, er samsvari 15. hluta upphæðarinnar, að viðbættum vöxtum af því, er eftir stendur hverju sinni. Ef lán hefir verið tekið til fyrirtækisins, þá skulu vextir vera hinir sömu sem greiddir eru af lánsfjenu, en ella 5% árlega.

VIII. KAFLI.

Um þurkun lands.

78. gr.

1. Veita má maður bagalegu vatni af landi sínu í rásir og farvegi, þó að mein verði að á landi því, er við tekur, enda megi hann ekki við það losna með öðrum hentugum hætti. Með sama skilorði má maður og veita vatni í skurði í landi annara eða grafa þar skurði í því skyni, en jafnan skal þá skurðum svo langt fram haldið, að eigi verði verulegt tjón á landi annara

15 manna. Bæta skal tjón er hlýst af veitunni, en taka skal þó til greina gagn þeirra
20. júní af skurðum, er bóta krefja.

2. Ekki má veita vatni úr skurðum eða vatnsrásum, sem alstaðar eða sumstaðar eru opnir, í lokræsi á landareign annara manna, nema matsnefnd telji bagalaust.

79. gr.

1. Ef skurðir um landareign annars manns eru honum einnig til gagns, þá er honum skylt að taka þátt í kostnaði að skurðgreftri og viðhaldi skurðanna, sbr. 80. gr.

2. Nú vill maður veita bagalegu vatni frá sjer yfir landareign annars manns samkvæmt 78. gr., og má þá setja honum það skilyrði, að hann greiði hinum fyrnefnda upp í skurðkostnaðinn sem svarar því gagni, er hann hefir af skurðinum, og jafnan skal hann kosta viðhald skurðsins að sínum hluta.

80. gr.

Ef einhver vill veita bagalegu vatni frá sjer samkvæmt 78. gr. yfir landareign annars manns, og þeim semur ekki, þá skal matsnefnd skera úr því, hvort þá fráveitu verði að telja hagkvæma og hvort hagurinn megi teljast meiri en óhagræði hins. Ef hagurinn verður talinn mun meiri, þá skal ákveða stefnu skurðsins, lengd hans, dýpt og breidd, hve nær hann skuli gerður, hvort hann skuli vera opinn eða lokaður og hvað gera skuli við uppmoksturinn. Þá skal og meta bætur og skera úr því, hvort landeigandi skuli taka þátt í kostnaði og viðhaldi, og að hve miklu leyti.

81. gr.

Ráðherra getur heimilað lögnám á mannvirkjum, landi og rjettindum, ef skilyrði 72. gr. eru fyrir hendi, í því skyni að þurka vatn, tjarnir eða mýrlendi eða til þess að víkka eða rjetta farveg eða til að veita burt vatni með öðrum hætti, til að auka land eða bæta það.

82. gr.

1. Ákvæði 48. gr. taka og til landþurkunar.

2. Rjett er mönnum að gera með sjer fjelag til þess að þurka land. Slík fjelög nefnast landþurkunarfjelög og lög þeirra landþurkunarsamþyktir. Um fjelög þessi fer eftir 42.—44., 46. og 47. gr., svo sem við á, og XI. kafla laga þessara.

IX. KAFLI.

Um óhreinkun vatna.

83. gr.

1. Bannað er að láta í vötn frá iðjuverum, eða sleppa um vötn í skurði eða aðrar veitur, nokkra þá hluti, fasta, fljótandi eða loftkenda, sem spilla

mundu botni vatns eða bakka eða vatninu sjálfu, svo að hættulegt sje mönn **15**
um eða búpeningi eða spilli veiði í vatninu. Bannað er og að láta slík efni á ís **20. júní**
eða svo nærri vatni, að hætt sje við að þau berist í það.

2. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu banni með þeim skilyrðum, er hjer segir:

- a. Ef neysluvatni er spilt, skal leyfið bundið því skilyrði, að iðjuhöldur leggi til annað jafngott vatnsból eða greiði kostnað af því að koma upp öðru vatnsbóli jafngóðu.
- b. Ef veiði er spilt, skal skylda iðjuhöld til að láta viðeldi í vatnið, sem nægi til þess að veiði haldist eigi minni en var, ella bæta veiðispjöllin fullum bótum.
- c. Iðjuhöldur skal að öðru leyti bæta það tjón, sem hljótast kann af frá-færslu óhreinindanna frá iðjuveri hans.

3. Bætur skal greiða eftir mati, nema um semji.

4. Leyfi samkvæmt 2. lið má taka aftur bótalaust hve nær sem er eða breyta skilyrðum, ef nauðsyn þykir til vera vegna hagsmuna almennings eða einstakra manna.

5. Nýtt leyfi þarf til hverrar þeirrar breytingar, sem frekari spjöll geta af hlotist, þótt áður hafi verið veitt leyfi samkvæmt 2. lið.

84. gr.

Bannað er annars að láta sleppa í vötn um skurði eða með öðrum hætti eða að henda í þau, á ís eða svo nærri þeim, að hætt er við að í þau berist, þeim efnum, sem í 83. gr. segir, ef hætt er við að þau spilli vatni, botni þess eða bakka, flóðhæð eða framrás.

85. gr.

Ráðherra eða sá, er hann veitir heimild til þess, getur sett reglur til verndar gegn skaðlegri óhreinun vatns, þó eigi verði af völdum iðjuvera, þegar vatn er óhreinuð í annari sveit en þeirri, sem hætta stendur af því, enda geti sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, ekki orðið ásáttar, hvað gera skuli. Áður en slíku máli er til lykta ráðið, skal leita álits þeirra heilbrigðisnefnda eða hreppsnefnda, sem málið varðar.

X. KAFLI.

Um holræsi.

86. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að leggja holræsi til þess að taka við skólpi og afrenslu í kaupstaðnum.

15
20. júní

87. gr.

1. Bæjarstjórn er rjett að leggja gjald á hús og lóðir í kaupstaðnum til þess að standa straum af holræsakostnaði. Gjald má miða við virðingarverð fasteigna eða við stærð lóða eða við hvorttveggja.

2. Sjerstaka ívilnun má veita, ef lóð er svo háttað, að erfiðara er að koma skólpi eða afrensi frá henni í holræsi en frá öðrum lóðum yfirleitt, og sjerstakt aukagjald má á leggja, ef skólp frá einhverri lóð er svo á sig komið, að telja má meiri útgjöld stafa eða munu stafa af því en öðru skólpi.

3. Eigandi lóðar ábyrgist holræsagjald, en heimilt er honum að hækka leigu eftir lóð eða mannvirki á henni sem gjaldi eða gjaldauka svarar, þótt leiga hafi áður verið ákveðin.

4. Holræsagjald skal ákveða í reglugerð. Gjald má taka lögtaki, þegar ráðherra hefir staðfest hana. Í reglugerð má ákveða, að gjaldið skuli trygt með lögveðrjetti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurjetti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

88. gr.

1. Bæjarstjórn leggur holræsi svo, að lóðareigandi hver nái til þeirra í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til, enda verður maður eigi krafinn um holræsagjald fyrr en svo er.

2. Skytt er lóðareigendum og húseigendum að gera samkvæmt reglugjörð á sinn kostnað holræsi, er flytji frá húsum og lóðum skólp alt út í aðalræsi. Ef maður vanrækir að leggja ræsi á hæfilegum fresti, er bæjarstjórn tiltekur, skal hún láta vinna verkið á hans kostnað.

3. Nú stendur svo á, að sjerstaklega kostnaðarsamt er að leggja holræsi frá aðalræsi yfir lóð manns, og getur hann þá krafið sig undanþeginn holræsagjaldi, ef hann getur komið skólpi frá sjer með öðrum hætti, er heilbrigðisnefnd telur fulltryggan, enda verði ekki metið, að það baki nágrönnum óþægindi eða tjón. Að öðrum kosti skal leggja holræsi um lóð hans, enda skal bæjarsjóður þá taka þátt í kostnaði þar af eftir mati, nema samkomulag verði.

89. gr.

Í reglugerð má kveða á um gerð og lagningu bæði aðalræsa og lóðar-ræsa, að regnvatni skuli í þau veita, um umsjón þeirra, um skyldu manna til að leggja holræsi innan húss, um gerð þeirra og notkun, um sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð mála út af þeim, svo og annað, er að meðferð holræsa lýtur.

90. gr.

Reglugerðir allar um holræsi og holræsagjald, sem bæjarstjórn semur, skal senda ráðherra til staðfestingar. Þegar reglugerð hefir hlotið staðfestingu ráðherra, er hún lögmæt holræsareglugerð.

91. gr.

1. Heimilt er hreppsnefnd að leggja holræsi um hrepp eða hluta úr hreppi á kostnað hreppssjóðs. Áður en fyrirtækið er afráðið, skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu, og ef tiltækilegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti að því og áætlun um stofnkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar, ef fyrirtækið kemst í framkvæmd, en greiðist ella úr hreppssjóði.

2. Þá er hreppsnefnd hefir samþykkt að leggja holræsi samkvæmt 1. lið, skal senda samþyktina ásamt þeim gögnum, sem í sama lið greinir, til oddvita sýslunefndar, og skal hann síðan senda gögnin, ásamt umsögn sýslunefndar, ráðherra til staðfestingar. Þegar fengin er staðfesting hans á samþyktina, getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið.

3. Hreppsnefnd semur samþyktir allar um holræsi, þar á meðal um holræsagjald.

4. Um holræsi þessi fer að öðru leyti eftir ákvæðum 87.—90. gr.

92. gr.

1. Nú vill löggilt kaupún, sem ekki er sjerstakur hreppur, eða hverfi leggja holræsi um kaupúnið eða hverfið, og geta þá eigendur fasteigna þeirra, er nota ætla ræsin, gert með sjer fjelag, er nefnist holræsafjelag, en lög fjelagsins nefnast holræsasamþykkt. Um fjelagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti, sem ákvæði þessa kafla taka ekki til þess.

2. Stjórn fjelagsins semur samþyktir þess, þar á meðal ákvæði um holræsagjald.

3. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 87.—90. gr., að því leyti, sem við á.

93. gr.

1. Nú eiga menn landareign í fjelagi, og vilja sumir leggja holræsi til að veita skólpi og afrensi frá henni, og getur þá sá eða þeir, sem meiri hluta landareignar eiga, ákveðið að framkvæma fyrirtækið, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulega þátt í kostnaði öllum af því, ef metið verður nauðsynlegt sakir heilbrigði eða þrífnaðar að leggja ræsin.

2. Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins eða um skiftingu kostnaðar, þá skal skera úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverjir skuli hafa á hendi framkvæmd eða umsjón verksins, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Stofnkostnaði, ásamt vöxtum skal skift í jafnar árgreiðslur, ef aðili óskar þess, þannig, að lokið sje á 15 árum. Beiðast má maður staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má þá taka tillög lögtaði, ef matsgerð verður staðfest. Ákvæðum 2. liðs 87. gr. skal beita, eftir því sem við á, er skifta skal viðhaldskostnaði.

15

20. júní

94. gr.

1. Rjett er þeim, er eigi hefir tekið í öndverðu þátt í lagningu holræsa, að veita í þau um holræsi skólpi og afrenslu frá sjer, en greiða skal hann fyrir það tiltölulegan hluta stofnkostnaðar, að frádreginni fyrningu á ræsi, sem orðin er, þegar hann byrjar íveitu sína, svo og greiða tiltölulegan hluta rekstrar-kostnaðar og viðhalds.

2. Nú þarf að breyta ræsi vegna íveitu í það, samkvæmt 1. lið, og skal þá sá, er íveitunnar æskir, greiða allan kostnað af breytingunni. Eigandi ræsis má velja um að vinna verkið sjálfur eða láta hinn um það.

3. Rjett er þeim, er þykir það máli skifta, að krefjast þess, að holræsi sje svo úr garði gert í öndverðu, að það megi taka við skólpi frá eign hans, enda greiði hann allan kostnaðarauka, er af því stafar.

4. Sá, er neytir rjettar síns samkvæmt 2. og 3. lið þessarar greinar, skal setja nægilega tryggingu fyrir því, er honum ber að greiða, ef þess er krafist.

5. Ef einhver aðilja þeirra, er í 86., 91., 92. eða 93. gr. segir, hafa veitt læk eða annari vatnsrás, er um byggð rennur og ber fram skólp, í holræsi eða undirgöng, er rjett að láta endurgjaldslaust í lækinn eftir sem áður skólp frá landareignum, sem ofar liggja við hann, þótt þær hafi ekki tekið þátt í ræsisgerðinni. Ef breytingar verða á skólpi frá slíkum landareignum, er geri viðhald ræsivirkisins kostnaðarsamara eða rekstur dýrari, getur eigandi virkisins þó krafist endurgjalds.

6. Ef ágreiningur verður um einhver þeirra atriða, er í grein þessari segir, skal skera úr honum með mati.

95. gr.

1. Skyldu manns til að inna af hendi þær greiðslur, er í 93. og 94. gr. segir, hefur frá þeim degi, er ræsivirki var svo úr garði gert, að hann mátti nota það, ef hann vildi, nema matsnefnd þyki annað sannara.

2. Ákvæði matsnefndar um tillög til eftirlits og viðhalds ræsivirkja samkvæmt 93. og 94. gr. skulu gilda um næstu 5 ára skeið, nema öðruvísi semji. Að þeim tíma liðnum má hver aðilja, sem vill, krefjast breytinga, ef nokkuð það, sem áður var byggt á, hefir breyst að mun. Ef ekki takast samningar, skal matsnefnd skera úr, og er sá úrskurður hennar gildur um annað 5 ára skeið.

96. gr.

1. Ef halda þarf á landi annars manns vegna ræsivirkja, þá er honum skylt að láta af hendi til þess, enda sjeu skilyrði 72. gr. fyrir hendi, land, mannvirki og landsafnot og að þola nauðsynlegar eignarkvaðir, eftir því sem matsnefnd telur með þurfa, enda komi fullar bætur fyrir, eftir mati, ef ágreiningur verður.

2. Holræsi, sem lögð eru um land annars manns samkvæmt 1. lið, skulu vera vatnsheld, ef hann krefst þess, nema metið verði, að honum sje skaðlaust og bagalaust, þótt þau sjeu ekki svo úr garði gerð.

97. gr.

1. Nú hefir holræsi verið lagt um land annars manns samkvæmt 96. 20. júní gr. og verður honum til mikilla óþæginda eða tjóns, og getur hann þá krafist þess, að það verði flutt á annan stað í landareign hans. Landeigandi kostar flutninginn, nema hann hafi eigi fengið bætur fyrir tjón það eða óþægindi, sem hjer segir, þegar bætur voru goldnar samkvæmt 1. lið 96. gr. skal ræsis-eiganda þá rjett að velja um að greiða bætur fyrir slíkt tjón eða kosta sjálfur flutninginn. Ef ágreiningur verður um það atriði, er í þessum lið segir, sker matsnefnd úr.

2. Ef svo stendur á, sem í 1. lið segir, en ræsið verður ekki flutt á annan stað í landi manns, þá getur hann heimtað það flutt á land þriðja manns, ef metið verður, að þar muni verða mun minna tjón að því. Um kostnað af flutningnum fer eftir 1. lið.

98. gr.

1. Lög þessi taka ekki til holræsa, sem gerð hafa verið með heimild í gildandi rjetti áður en lög þessi öðlast gildi. Þó skulu 89., 90. og 94. gr. 1. og 2. liður, sbr. 4. lið, og 97. gr. einnig taka til eldri holræsa.

2. Ákvæði laga þessara um holræsi eru því ekki til fyrirstöðu, að sett verði í byggingarsamþykktum og heilbrigðissamþykktum fyrir mæli um holræsi og frá ræslu samkvæmt lögum um heimild til að gera slíkar samþyktir.

XI. KAFLI.

Um vatnafjelög.

99. gr.

1. Rjett er mönnum að gera með sjer fjelag um:

- a. Vatnsveitu (III. kafli, 29. gr.).
- b. Áveitu (IV. kafli, 42. gr.).
- c. Orkuver eða orkuveitu (V. kafli, 64. gr.).
- d. Vatnsmiðlun (VI. kafli, 70. gr.).
- e. Varnir við ágangi vatns (VII. kafli, 75. gr.).
- f. Landþurkun (VIII. kafli, 82. gr.).
- g. Holræsi (X. kafli, 92. gr.).

2. Fara skal um slík fjelög svo sem í þessum kafli segir, enda sje ekki öðruvísi um mælt í lögum þessum.

100. gr.

Sá eða þeir, er stofna vilja fjelag í einhverjum þeim tilgangi, er í 99. gr. 1. lið segir, skulu kveðja til fundar eigendur þeirra landareigna, sem ætla má, að fái tekið þátt í fyrirtækinu. Skal ræða þar málið og bóka fundargerð.

- 15** Peir, er mæla með stofnun fjelagsins, geta síðan leitað álits kunnáttumanna
20. júní og aflað sjer frumdráttu að fyrirhuguðum mannvirkjum og annara gagna, á sinn kostnað, en telja má þann kostnað til stofnkostnaðar, ef fjelagið verður stofnað.

101. gr.

1. Nú hafa frumkvöðlar fjelagsstofnunar samkvæmt 99. gr. 1. lið aflað sjer þeirra gagna, sem í 100. gr. segir, og skulu þeir þá semja frumvarp til samþyktar handa fjelagi því, sem í ráði er að stofna, og skrá yfir þær landareignir, sem þeir ætlast til, að verði í fjelaginu. Skal frumvarpið, landeignaskráin, frumdrættir, uppdrættir, kostnaðaráætlanir og önnur gögn, er fjelagið varða, lagt fram á hentugum stað til sýnis þeim, er ætlast er til að taki þátt í fjelagsskapnum. Skal framlagning skjalanna auglýst með þeim hætti, sem þar er vani að birta auglýsingar, sem almenning varða, eða brjeflega tilkynt hverjum þeim, er málið varðar. Skulu skjölin liggja til sýnis að minsta kosti 2 vikna tíma.

2. Nú er frestur samkvæmt 1. lið liðinn, og er þá frumkvöðlum fjelagsskaparins rjett að boða þá menn alla, er ætlast er til að verði í fjelaginu, á fund. Skal fundarboð birta með þeim hætti, sem í 1. lið segir. Á fundi þessum skal enn ræða málið og afráða um fjelagsstofnun, nema enn þyki þörf rækilegri undirbúnings. Ef $\frac{2}{3}$ eigenda *landareigna* þeirra, sem ætlast er til að taki þátt í fjelagsskapnum, og *sje eitt* atkvæði fyrir hverja *landareign*, samþykkja stofnun fjelagsins, þá er hinum skylt að gerast fjelagar.

3. Ákvæði 2. liðs um fjelagsskyldu taka ekki til fjelaga samkvæmt 99. gr. 1. lið c. og d. Ef vatnsmiðlun er að eins liður í einhverju fyrirtæki, sem 99. gr. 1. liður tekur til, öðru en orkuveri eða orkuveitu, er fjelagsskapur um miðlun þó sömu lögum háður sem fjelagsskapur um það fyrirtæki.

4. Nú er jörð í byggingu, og er leiguliða þá rjett að gerast fjelagi, ef landsdrottinn vill ekki og er óskylt að taka þátt í fjelagsskapnum, en skylt er landsdrottni, þegar leiguliði fer frá jörð, að kaupa eftir mati þau mannvirki og tæki, sem leiguliði hefir gert eða sett á jörðina eða í samband við hana eða mannvirki á henni. Þó aðeins að svo miklu leyti, er metið verði jörðinni til varanlegra bóta.

102. gr.

1. Þegar ákvæðið hefir verið að stofna fjelag, skal samþykt þess sett svo fljótt sem unt er.

2. Í samþykt skulu vera ákvæði um:

- a. Nafn fjelags, heimilisfang þess og varnarþing.
- b. Verkefni fjelags.
- c. Um skipun fjelagsstjórnar, hversu fjölmenn hún skuli vera, hvernig skuli kjósa hana, hvert vald hennar skuli vera og starfssvið, ef stjórn er skipuð fleiri mönnum en einum, hve langan tíma kjör skuli gilda.

- d. Hvaða landareignir taki þátt í fjelaginu, svo að eigi verði um það vilst, og um atkvæðisrjett á fjelagsfundum.
- e. Reikninga og bókhald fjelagsins og endurskoðun.
- f. Hvernig boða skuli til fjelagsfunda, hvenær þeir skuli lögmætir, hvaða mál þeir skuli úrskurða og hvert vald þeir hafi að öðru leyti.
- g. Hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess, sem fjelagsskapurinn hefir í för með sjer.
- h. Hvaða kvaðir eða eignarhöft leggist á landareignir þær, sem þátt taka í fjelagsskapnum.
- i. Sektir fyrir brot fjelaga á ákvæðum samþykta.
- j. Hvaða reglum skuli eftir farið, ef breyta á samþykktum fjelagsins.
- k. Hvernig fara skuli um fjelagsslit, hvert atkvæðamagn þurfi til þeirra og hvernig ráðstafa skuli eignum fjelagsins.

103. gr.

Í samþykkt má setja ákvæði um skipun gerðardóms til að skera úr ágreinngi um fjelagsmálefni milli einstakra fjelaga eða milli fjelagsstjórnar og einstaks eða einstakra fjelaga, ef báðir aðiljar óska gerðardóms.

104. gr.

1. Samþykkt, ásamt gögnum þeim, er í 101. gr. segir, skal fjelagsstjórnin síðan senda ráðherra til staðfestingar. Ef samþykkt eða annað, sem fjelagið varðar, þykir ekki svo úr garði gert, að samþykkt megi staðfesta, sendir ráðherra hana aftur til fjelagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykkt, svo og þegar lagað hefir verið það, er athugavert þótti. Aldrei má samþykkt brjóta bág við rjettarákvæði, almennar grundvallarreglur laga nje rjettindi einstakra manna.

2. Ef gjaldskrá er send til staðfestingar, skal fara um það eftir 1. lið.

3. Halda skal allsherjarskrá yfir öll vatnafjelög, samkvæmt reglum, er ráðherra setur. Staðfestar samþykktir og gjaldskrár skulu birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.

4. Birta skal í Lögbirtingablaðinu auglýsingu, á fjelagsins kostnað, um stofnun þess, og skal verkefnis þess geta, heimilisfangs og varnarþings, svo og hver eða hverjir sjeu í stjórn þess og ef breyting verður á stjórninni.

105. gr.

Nú vilja menn breyta staðfestri samþykkt eða gjaldskrá, og er breytingin lögmæt, ef svo er með farið sem í 104. gr. segir.

106. gr.

1. Árstillög fjelagsmanna skulu ákveðin svo, að þau nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar og viðhalds. Enn-

15 fremur skal, ef fjelagsstjórn samþykkir eða ráðherra þykir það nauðsynlegt, **20. júní** leggja hæfilegt fyrningargjald í varasjóð, og skal það einnig innifalið í árs-tillögum.

2. Gjöld, sem ákveðin eru eða jafnað er niður samkvæmt staðfestri samþykkt eða gjaldskrá, má taka lögtaki.

3. Gjöld samkvæmt 1. lið skulu eiga sama forgöngurjett í gjaldþrotabúi skuldunauts, sem skattar eða gjöld til ríkisins.

4. Eignir fjelags standa fyrir skuldum þess. Enginn fjelaga ber framár ábyrgð á þeim en að þeim hluta, er honum er gert að greiða samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmatu fjelagsákvæði.

107. gr.

1. Brot gegn fjelagssamþykktum má láta varða alt að 500 kr. sektum, og skulu þær renna í fjelagssjóð.

2. Sektir má taka fjárnámi.

3. Með mál út af brotum á samþykktum skal fara að hætti almennra lögreglumála. Mál skal því að eins höfða, að fjelagsstjórnin, sá, er sjerstaklega er röngu beittur, eða ráðherra krefjist þess.

108. gr.

1. Á fjelagsfundum ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sje um mælt í lögum þessum. Í stjórn eru þeir rjettkjörnir, sem flest fá atkvæði. Ef tveir eða fleiri fá jafnmörg, skal hlutkesti ráða.

2. Ef sjerstök ástæða þykir til vera, má ákveða í samþykkt, að aukinn meiri hluta skuli þurfa til ákvörðunar um einstök fjelagsmálefni, önnur en þau, sem sjerstaklega er um mælt í lögum þessum.

109. gr.

Ráðherra eða sá, er hann felur það, lítur eftir því, að fjelagsstjórn fari eftir samþykktum fjelagsins og öðrum ákvæðum um fjelagsskapinn. Er eftirlitsmanni heimilt að kynna sjer starfsemi fjelagsins í því skyni, þar á meðal reikninga þess og fjárhag, en leynd skal hann óviðkomandi menn því, er hann kemst að um þau efni.

110. gr.

1. Rjett er að taka nýja menn í fjelag, ef lögmatu fjelagsfundur samþykkir, og sje slíks máls getið í fundarboði, enda sje það ekki skylt samkvæmt sjerákvæðum laga þessara um einstök vatnafjelög.

2. Ef veruleg breyting verður á skyldum fjelaga vegna töku nýrra fjelagsmanna, eða verkefni fjelaga breytist verulega fyrir þá sök, skal fara með málið sem breytingar á samþykktum fjelagsins. Ráðherra sker úr ágreiningi um þessi efni.

3. Nú bætist nýr maður í fjelag, og skal hann þá greiða að sínum hluta þar frá þau gjöld, sem á fjelögum hvíla, og með sama hætti sem aðrir fjelag- 15
ar, nema öðruvísi semji. Kosta skal hann sjálfur þær framkvæmdir, sem nauð- 20. júní
synlegar eru sjerstaklega hans vegna, til þess að geta notað mannvirki fjelagsins.

111. gr.

1. Segja má maður sig úr fjelagi, ef

- a. $\frac{2}{3}$ hlutar fjelagsmanna samþykkja á lögmaetum fjelagsfundi,
- b. svo reynist, að landareign hans verður að mun meiri kostnaður af fjelags-
skapnum en öðrum landareignum, samanborið við hagnaðinn eða hagræðið.
Úr ágreiningi skal skera með mati, en skjóta má því til fullnaðarúrskurð-
ar ráðherra.

2. Ef maður segist úr fjelagi, þá ábyrgist hann þau gjöld, er á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum fjelagsins til þess tíma, er hann fer úr fjelag-
inu. Ef ágreiningur verður, má skjóta honum til ráðherra, og getur hann
ákveðið, að meira skuli gjalda en nú var sagt.

112. gr.

1. Fjelagi skal slíta:

- a. Ef fjelagar samþykkja það samkvæmt fyrirmælum samþyktaðar sinnar.
- b. Ef fjelagar eru aðeins tveir og annar krefst þess.
- c. Ef það kemur síðar í ljós, að ekki er unt að ná takmarki því, er fjelagið
setti sjer, eða það er svo miklum örðugleikum bundið, að ókleift eða ill-
kleift þykir að halda fjelagsskapnum áfram.

2. Ágreiningi um það, hvort skilyrði fjelagsslita samkvæmt 1. lið c.
sjeu fyrir hendi, skal til lykta ráðið með matsgerð. Skjóta má því mati undir
ráðherra til fullnaðarúrskurðar.

113. gr.

1. Ef helmingur fjelaga eða meira krefst þess, er skylt að kjósa skifta-
nefnd til að standa fyrir skilum fjelagsbúsins og skiftum, og fer um vald henn-
ar sem skiftaforstjóra án dómsvalds.

2. Ef eignir fjelagsins hrökkva ekki fyrir skuldum, skal því, er á vant-
ar, skifta á fjelaga að rjettri tiltölu við fjelagsgjöld hvers um sig, eins og þau
hafa verið ákveðin samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmatu fjelagsákvæði. Fjelagi
hver ábyrgist einungis sinn hluta.

3. Um skiftin fer annars samkvæmt ákvæðum skiftalaganna.

4. Að loknum skiftum skal skjölum fjelaga og bókum skilað í Þjóð-
skjalasafnið.

5. Jafnshjótt sem fjelag er tekið til skifta, skal fjelagsstjórn, ef hún fer
með skifti, en ella skiftanefnd eða skiftaráðandi, tilkynna til fjelagaskrár, að
fjelag sje tekið til skifta. Þegar skiftum er lokið, skal og tilkynna það með sama

15 hætti. Skal gera athugasemdir um þessi atriði í fjelagaskrá og birta tilkynningar eða ágrip þeirra í Lögbirtingablaðinu á kostnað fjelags.

114. gr.

Ákvæði þessa kafla skulu ekki taka til fjelaga, sem stofnuð eru og samþykktir þeirra staðfestar áður en lög þessi koma til framkvæmdar. Þó skulu slík fjelög fullnægja ákvæðum laga þessara, þeim er hjer segir:

- a. Tilkynningu skulu þau senda mánuði eftir að lög þessi ganga í gildi um þau atriði, er í 104. gr. 4. lið segir, og skal þegar birta hana í Lögbirtingablaðinu og á fjelagsins kostnað og skrá hana í fjelagaskrá.
- b. Ef breyta á samþykktum eða gjaldskrá eldri fjelaga, skal fara eftir 105. gr. laga þessara, eftir því sém við á.
- c. Ákvæðum 109.—113. gr. laga þessara skal beita um eldri fjelög, nema þau brjóti bág við staðfestar samþykktir þeirra.

XII. KAFLI.

Um almenna umferð um vötn.

115. gr.

Öllum er rjett að fara á bátum og skipum um öll skipgeng vötn. Sama er um vötn, sem hjer eftir verða skurðuð eða gerð umferðarhæf með öðrum hætti. Þó getur ráðherra bannað almenningi umferð um skurð eða vatn, ef nauðsynlegt þykir vegna mannvirkja í eða við vatn.

116. gr.

1. Rjett er ríkinu og hjeruðum þeim, er vegamál hafa með höndum, að gera hverskonar mannvirki í vatni og við vatn í því skyni að gera vatn skipgengt eða til að gera færa ísaleið um vötn.

2. Ráðherra getur veitt fjelögum og einstaklingum leyfi til að gera mannvirki með þeim hætti og í þeim tilgangi, sem í 1. lið greinir.

3. Þeir, sem framkvæma fyrirtæki samkvæmt 1. og 2. lið, hafa sama rjett til eignarnáms á landi og mannvirkjum og afnota af landi í þarfir fyrirtækjanna sem ákveðinn er í lögum um vegagerðir ríkis og hjeraða.

117. gr.

Eigendur og notendur landareigna eiga rjett til bóta, eftir mati, nema um sémji, fyrir tjón, sem umferð á vatni veldur beinlínis á landi við vatnið eða á löglega gjörðum og vel viðhöldnum mannvirkjum í vatni eða við það, svo og á löglega settum veiðitækjum, enda þótt tjónið sje hvorki að kenna ásetningi nje ógætni. Bætur greiðast ekki fyrir tjón af því, þótt mannvirki þau, er fyrir skemdum hafa orðið, verði eigi notuð, nema tjón beri að bæta samkvæmt almennum skaðabótareglum.

118. gr.

1. Ákvæði 115.—117. gr. taka og til viðarfleytingar, sem framkvæmd 20. júní er að ráðstöfun stjórnarvalda og undir eftirliti þeirra.

2. Ráðherra getur veitt leyfi til að ákvæði 115.—117. gr. megi einnig taka til annarar viðarfleytingar en slíkrar sem í 1. lið segir.

119. gr.

1. Öllum, sem nota vötn til umferðar eða fleytingar, er skylt að gæta þess að gera sem minstar skemdir á landi, mannvirkjum eða veiðitækjum í vatni eða við það.

2. Þeir, sem vötn nota til umferðar eða fleytingar samkvæmt löglegri heimild, hafa rjett til þeirrar umferðar um vatnsbakkana og þeirra afnota af þeim, sem nauðsynleg er vegna umferðarinnar um vatnið eða fleytingarinnar, en gera skulu þeir svo lítið tjón á landi og mannvirkjum sem unt er og bæta skemdir að fullu, eftir mati, nema samkomulag verði.

120. gr.

Nú er vatn gert skipgengt eða aðrar ráðstafanir gerðar til fyrirgreiðslu umferðar um vatn, og getur þá ráðherra ákveðið, að gjald verði lagt á báta þá eða skip, er fara um vatnið, til þess að standa straum af kostnaði af þeim ráðstöfunum.

XIII. KAFLI.

Almenn ákvæði um veiði í vötnum.

121. gr.

1. Landeiganda og þeim, sem hann veitir heimild til, er einum heimil veiði í vatni á landi sínu.

2. Eigi má skilja veiðirjett að nokkru leyti eða öllu við landareign, nema um tiltekið árábil, eigi lengra en 10 ár í senn, nema leyfi ráðherra komi til eða önnur hlunnindi komi á móti, er þeirri landareign sje ekki metin minna verð en veiðirjetturinn.

122. gr.

1. Nú er landareign eða veiðirjettur í óskiftri sameign, og er þá sameigendum veiði jafnheimil. Rjett er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skifta á veiði, annaðhvort svo, að hvor hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skal skifti lengur standa en eitt ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskifti.

2. Nú er landareign í sameign, en er skift eftir merkjum afnotaskiftum eða eignar, og á þá sameigandi hver veiði fyrir sínu landi, nema skift hafi verið veiði samkvæmt 1. lið eða önnur lögmæt skipun hafi verið á ger.

15

123. gr.

1. Hjeraðsmönnum öllum er veiði jafnheimil í vötnum í afrjettum og almenningum, sem hjeruð eiga að nota með löglegri heimild og ekki eru einstaks manns eign.

2. Öllum er veiði heimil í vötnum í afrjettum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað einstaklingsrjettar heimild til þeirra.

124. gr.

Nú skilur vatn landareignir, og er þá landeiganda hvorum veiði jafnheimil. Rjett er hvorum þeirra að hafa ádráttarveiði og draga vað að hvoru landi sem vill. En bæta skal hinum landspell, eftir mati, ef ekki semur. Skifta má veiði samkvæmt 122. gr. 1. lið.

125. gr.

Nú legst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sjer nýtt leg, og hverfur þá veiðirjettur til þess, sem land á undir.

126. gr.

1. Veiði í almenningum stöðuvatna eiga sveitarmenn þeirra sveita, er lönd eiga að vatninu, nema forn venja banni.

2. Rjett er að skifta veiði samkvæmt þessari grein eftir 122. gr. 1. lið.

3. Nú er fiskiklak starfrækt í vatni, og hverfur þá veiðirjettur í almenningi til þeirra einna, er þátt taka í kostnaði við klakið, svo sem samþykkt eða reglugjörð, staðfest af ráðherra, ákveður, enda sje í henni öllum heimilud þátttaka í klakinu, sem annars eiga veiðirjett í þeim almenningi.

127. gr.

Bannað er að setja stíflur eða föst veiðitæki lengra en í mitt vatn, sem fiskför er í, enda sje hinn helmingur vatns eigi grynnri, svo og að hefta fiskför um ósa í vatni eða sjó úti, nema sjerstök heimild sje til eða sá, er girðir, eigi einn veiði fyrir ofan bæði í því vatni og í þeim ám eða lækjum, sem í það falla eða úr því. Nú fellur vatn í kvíslum, og má þá enga þeirra þvergirða, nema þar sje fiskför minni, enda eigi sá, er þvergirðir, þar einn alla veiði.

128. gr.

Eigi má maður leyfa öðrum veiði í vatni í sameignarlandi eða fjelagsvatni (122. gr. 1. liður) nje í afrjetti eða almenning (123. gr. 1. liður), nema veiði sje skift honum til handa. Má hann þá veita sinn hlut.

129. gr.

1. Nú setur maður að óheimilu garða, stíflur, net eða aðrar veiðivjelar í vatn (127. gr.), og eru þá garðar og stíflur óhelgar við broti, enda er rjett að taka net og aðrar veiðivjelar upp.

2. Ef maður veiðir ólofað í veiðistöð annars manns eða þvergirðir vatn 15 ólöglega, varðar það sektum, alt að 1000 kr., í sveitarsjóð, þar sem brot er 20. júní framið. Sá, er misgert var við, skal fá alt veiðifang eða andvirði þess, auk bóta fyrir annað tjón, er hann kann að hafa orðið fyrir. Brot er fullframið jafn-skjótt og veiðitækin eru komin í vatn.

3. Nú hittist maður með veiðarfæri við annars manns veiðivatn fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem hann væri sekur um ólöglega veiði, nema sannað sje, að hann hafi haft þar lögmætt erindi.

130. gr.

1. Mál út af brotum á ákvæðum þessa kafla fara að hætti einkalögreglu-mála, enda sje brotið ekki svo vaxið, að höfða beri opinbert mál. Mál má höfða á varnarþingi þar sem brot var framið.

2. Sókn sakar á eigandi veiðirjettar. Nú er hann annar en landeigandi og höfðar ekki mál innan 3 mánaða frá því er brot var framið, og er þá landeigandi rjettur sóknaraðili sakar til refsingar fyrir brot.

3. Sök til refsingar fyrnist á ári eftir að sóknaraðili fjekk vitneskju um brot, og ávalt á 2 árum frá því er brot var framið.

XIV. KAFLI.

Almenn ákvæði um vatnsvirki.

131. gr.

1. Mannvirki öll, sem í vatn eru sett, við það eða yfir því, eða gerð eru til að geyma vatn eða veita því, skulu að gerð, undirstöðum, efni og verki fullnægja þeim kröfum, er verða með sanngirni settar til þess að afstýra hættu fyrir líf manna, hagsmuni ríkis eða almennings, tjóni á eignum eða rjettindum einstakra manna eða óhagræði fyrir þá.

2. Önnur verk í vatni skal og vinna svo, að sæmileg trygging sje gegn slíkri hættu, tjóni og óhagræði.

132. gr.

1. Eigandi mannvirkja þeirra, er í 131. gr. segir, skal halda þeim óaðfinnanlega við, ef spjöll á þeim geta valdið tjóni, hættu eða óhagræði.

2. Heimta má, að brýr, stíflur og önnur vatnsvirki verði endurbygð eða þeim breytt, ef það þykir nauðsylegt vegna umferðar, fleytingar eða fiskgöngu, enda sje því eigi samfara stórkostlegt óhagræði eða notagildi mannvirkis rýrni að mun, en bæta skal virkiseiganda allan kostnað. Matsnefnd úrskurðar ágreining.

15

20. júní

133. gr.

1. Áður byrjað sje að gera ráðstafanir þær, er nú skal greina, skal tilkynna ráðherra það og fá leyfi hans, enda sje ekki leyfis eða samþykkis krafist samkvæmt öðrum fyrirmælum laga þessara :

- a. Ef gera á mannvirki eða vinna önnur verk, er breytingu valda á vatnsborð, straumstefnu eða straummagn, svo sem stíflur, dýpkun eða grynkun farvegjar eða rjetting, nema sýnt sje, að ekki hljótist af hætta, tjón eða óhagræði samkvæmt 131. gr.
- b. Ef gera á mannvirki, er tálma mundu umferð um vatn, enda hafi ráðherra auglýst áður í Lögbirtingablaðinu þrisvar sinnum bann við mannvirkjagerð í því vatni, við það eða yfir því, með þeim hætti, að hún yrði umferð eða fleytingu til trafala.
- c. Ef setja á mannvirki í vatn, sem tálma myndi fiskför í því, nema heimilt sje samkvæmt veiðilögum eða samþykktum, settum með heimild í þeim.
- d. Ef þurka á vatn, enda nemi þurkunin 50000 fermetrum.
- e. Ef rífa á eða taka burtu mannvirki, breyta þeim eða endurbyggja þau, og svo er ástatt sem í stafl. a—d segir.

2. Leyfi má binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja til verndar hagsmunum ríkis, almennings eða einstakra manna og að fyrirtækið komi að almenningsnotum, ef því er að skifta, svo og að bætur fyrir tjón af fyrirtæki sjeu fyrirfram greiddar eða trygging sett. Ef talið er, að fyrirtæki muni valda hætta, óhagræði eða tjóni, má ekki leyfa það, nema ætla megi, að hagur af því verði mun meiri en sem hætta, tjóni eða óhagræði nemi. Leyfishafi ábyrgist ekki óhagræði, sem almenningur eða ríkið kann að verða fyrir af leyfðu fyrirtæki, nema það sje tilskilið í leyfi.

3. Leyfi er því ekki til fyrirstöðu, að síðar megi krefjast nauðsynlegra breytinga á mannvirkjum, leyfishafa að kostnaðarlausu, ef sýnt verður, að þeirra sje þörf.

4. Ef leyfi er veitt til að hækka eða lækka vatnsborð, skal venjulega taka það fram, hversu mikið það megi vera, og ef hækkun er leyfð, þá skal setja vatnshæðarmerki á kostnað leyfisbeiðanda.

5. Ráðherra getur ákveðið, að vatnsvirki skuli tilkynna, enda þótt eigi þurfi leyfi til þeirra.

134. gr.

1. Rjett er hverjum þeim, er telur hætta, tjón eða óhagræði munu verða af fyrirhuguðu mannvirki, slíku sem í 131. gr. segir, að láta fara fram matsgerð um það, hvort og hvernig verkið verði unnið án þess.

2. Nú verður metið, að hvorki verði tjón, hætta nje óhagræði af verkinu, og má þá þegar vinna það, en bæta skal þá tjón það, er síðar kemur í ljós, enda sje bóta krafist innan 5 ára frá lokum þess almanaksárs, er verkið var fullgert.

135. gr.

Nú byrjar maður verk, sem leyfis eða samþykkis þarf til lögum þess- um samkvæmt, vinnur verk ver en lög, leyfi eða samþykki tilskilja, heldur mannvirkjum ver við en skyldi, rífur þau eða tekur þau ólöglega á brott, og er ráðherra þá rjett að banna framhald verksins, fyrirskipa endurbætur eða láta vinna þær, eða rífa mannvirki, alt á kostnað eiganda, og eftir því sem við þykir eiga hverju sinni, enda verði það nauðsynlegt talið vegna hagsmuna ríkis, almennings eða einstakra manna.

136. gr.

1. Sá, er framkvæmir eða lætur framkvæma verk án leyfis eða samþykkis, sem áskilið er í lögum þessum, ábyrgist alt tjón, sem af verkinu hlýst, enda þótt eigi sje um að kenna göllum eða misfellum á verkinu eða gáleysi hans eða manna hans.

2. Eigandi mannvirkis og sá, er annars lætur vinna verk í vatni, ábyrgist tjón af því, enda þótt eigi verði gáleysi um kent:

- a. Ef mannvirkið er ekki svo úr garði gjört sem í 131. gr. segir eða áskilið er í leyfi eða samþykki.
- b. Ef brestur verður á viðhaldi þess.
- c. Ef maður vinnur annars eða lætur vinna verk í vatni án þess að fara svo með sem tilskilið er í 131. gr. 2. lið eða til er tekið í leyfi eða samþykki.

3. Ábyrgð samkvæmt 1. og 2. lið tekur einnig til síðari eigenda.

4. Nú er mannvirki löglega rífið eða tekið burt eða hætt að halda því við, og skal þá eigandi bæta eftir mati, ef ekki semur, tjón það, er af þeirri ráðstöfun hlýst. Eigi skal þó bæta tjón eða óhagraði, sem annar maður verður fyrir vegna missis þess hagnaðar, er hann hafði af mannvirkinu, nema hann hafi beinlínis eða óbeinlínis goldið fyrir þann hagnað.

5. Ríkið ábyrgist ekki tjón af mannvirkjum eða verkum, er leyft er að vinna.

137. gr.

1. Ráðherra eða umboðsmaður hans hefir eftirlit með meiri háttar vatns- virkjum og verkum. Er umráðamönnum skylt að veita eftirlitsmanni allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlitsins og aðgang að mannvirkjum og verkum til að rannsaka þau.

2. Ef mannhætta eða eignatjón að ráði getur stafað af vatnsvirki eða vatnsverki, getur ráðherra skipað sjerstakan eftirlitsmann eða forstöðumann fyrir verkinu á kostnað eiganda, og skal eftirlitsmaður eða forstöðumaður gæta þess, að verkið sje unnið samkvæmt því, er samþykkt hefir verið í leyfi eða samþykki eða mælt í lögum.

3. Ef fyrirmælum eftirlitsmanns er ekki hlýtt, getur hann bannað framhald verksins þar til úrskurður ráðherra er fenginn.

15
20. júní

138. gr.

1. Eiganda lands og notanda er skylt að þola það, að hallamælingar og önnur undirbúningsstörf og rannsóknir, sem nauðsynleg eru til framkvæmda fyrirhugaðra vatnsvirkja, fari fram á landi hans, enda sje honum bætt tjón, sem af því hlýst, eftir mati, ef ekki semur.

2. Nú láta aðrir en ríkið, hjeruð eða vatnafjelög með staðfestri samþykkt slík undirbúningsstörf fara fram, og er þá skylda landeiganda og notanda því skilyrði bundin, að áður sje fengin heimild lögreglustjóra og trygging sett fyrir tjóni, ef honum þykir þess þörf. Vottorð lögreglustjóra um þessi atriði skal sýna, ef krafist er.

XV. KAFLI.

Um skaðabætur.

139. gr.

1. Um bætur fyrir lögnám skal svo fara sem hjer greinir, nema öðruvísi sje mælt í einstökum fyrirmælum laga þessara:

- a. Ef eign manns eða rjettindi eru af honum tekin eða rýrð svo, að matsmenn telji honum rjett að heimta, að hún eða þau verði bætt að fullu, skal hann fá bætur í peningum eitt skifti fyrir öll, nema aðiljar verði á annað sáttir.
- b. Ef kvaðir eru á eign manns lagðar eða rjettindi skert án þess að ákvæðin í a. komi til greina, þá má ákveða bætur til árgjalds, ef sá krefst þess, sem við bótum tekur, svo og ef það þykir sanngjarnt eða hentugt vegna þess, hvernig á stendur, enda sje þá sett trygging fyrir greiðslu árgjalda.

2. Bætur, þar undir fyrsta árgjald samkvæmt 1. lið b., skulu kræfar jafnskjótt sem úrslitamat hefir fram farið, enda er lögnema þá heimilt að neyta rjettar síns samkvæmt lögnámagjörð, gegn greiðslu bóta eða lögmatu framboði á þeim eða gegn tryggingu samkvæmt 1. lið b. í þessari grein eða 141. gr.

3. Rjett er, að fógeti veiti lögnema aðstoð sína, ef með þarf, til að neyta þess rjettar, sem hann hefir fengið fyrir lögnámið.

140. gr.

1. Þegar meta skal bætur fyrir lögnám á eignarhluta eða álagningu kvaða eða skerðingu rjettinda, þá skal láta koma til frádráttar sjerhag þann, er eigninni verður að fyrirtæki því, sem fyrirhugað er að koma upp, enda komi ekki tillagsskylda á eignina eða endurgjald annað til fyrirtækisins samkvæmt lögum þessum.

2. Bætur fyrir lögnumið land eða rjettindi yfir landi skal aldrei hærri meta en þær bætur, sem metnar yrðu fyrir önnur lönd þar í grend, jöfnum kostum búin, eða samskonar jafnverðmæt rjettindi yfir slíkum löndum, enda

skal að engu hækka mat, þótt land kunni að hækka í verði eða rjettindi að verða verðmeiri sakir þess fyrirtækis eða þeirra fyrirtækja, sem lögnám á því landi eða þeim rjettindum er framkvæmt fyrir, eða vegna hagnaðar af því fyrirtæki eða fyrirtækjum. 15
20. júní

141. gr.

1. Nú telur matsnefnd sjer ófært að meta það þegar, hvert tjón muni hljótast af fyrirtæki, og er henni þá rjett að fresta mati um það eða þau at-riði, er eigi verður afráðið um, enda er þeim, er tjón bíður, þá rjett að æskja mats, þegar atvik hafa breyst svo, að telja má fært að meta. Ef matsnefnd telur sennilegt, að tjón hljótist af fyrirtæki, er bæta beri, en ákveður þó að fresta mati, þá getur eigandi þeirrar eignar eða rjettinda, sem skaðinn kemur niður á, krafist tryggingar af lögnámsbeiðanda, ef hann vill neyta lögnáms-rjettar síns áður en tjónið er metið, og skulu matsmenn ákveða hana, ef ekki semur.

2. Nú verður tjón af fyrirtæki, sem ekki hafa verið metnar bætur fyrir, þegar lögnám fór fram eða bætur voru metnar samkvæmt 1. lið þessarar grein-
ar og er þeim, er tjónið bíður, þá rjett að krefjast bóta fyrir það samkvæmt 140. gr. innan 5 ára frá því er mannvirki eru fullgerð og tekin til notkunar.

3. Krafa um bætur samkvæmt 1. og 2. lið fellur niður, ef ekki er krafist matsgerðar áður ár sje liðið frá því er tjónið kom í ljós.

142. gr.

Þegar bætur eru goldnar í orku, getur ráðherra sett almennar reglur um skifti aðilja innan takmarka ákvæða laga þessara og almennra grundvallar-reglna löggjafarinnar.

XVI. KAFLI.

Um meðferð vatnamála.

143. gr.

1. Umsóknir um leyfi, samþykki, staðfestingar eða aðrar ákvarðanir, sem í lögum þessum greinir, skulu vera skriflegar, enda fylgi þeim nauðsyn-
legar skýrslur og upplýsingar um þau efni, sem við er átt. Ráðherra setur reglur um þessi efni, að því leyti sem ekki er sjerstaklega kveðið á í lögum þessum eða sjerleyfislögum.

2. Ef mál er svo vaxið, að þörf þykir rækilegri greinargerðar með um-sókn en ákveðið kann að verða í reglum þeim, er í 1. lið getur, þá er ráð-
herra eða öðrum, sem umsókn á að senda, rjett að krefjast slíkrar greinar-
gerðar.

15

20. júní

144. gr.

1. Nú hefir stjórnarvaldi borist umsókn um einhver þau atriði, sem í 143. gr. segir, og ekki þykir sýnt, að synja beri þegar í stað, og skal þá með fara sem hjer segir:

- a. Leyfi til lögnáms samkvæmt 32. gr. 2. lið, 50. gr. 3. lið, 52., 60., 65. gr. 1. og 2. lið, 75. gr. 2. lið og 81. gr. má venjulega ekki veita fyrr en sá hefir átt kost á að láta uppi athugasemdir sínar, er taka á eignir hans eða rjettindi.
- b. ákvörðun um verð á orku samkvæmt 49. gr. 3. lið, sbr. 65. gr. 3. lið, má ekki gera fyrr en orkusali annarsvegjar og hjeradsstjórn eða orkukaupandi hins vegar hafa fengið færi á að láta uppi álit sitt.
- c. Áður en ákvörðun er tekin um málefni þau, er í 68. gr. 4. lið, 69., 70., 72., 74., 75. gr. 1.—3. lið, 81., 83. gr. 2.—3. lið og 133. gr. 1. lið segir, skal leita álits þeirra manna, er ákvörðun kann að varða hag þeirra. Ef ætla má, að hjeradsstjórn muni varða ráðstöfun sú, sem í ráði er að gera, skal ráðherra senda henni sjerstaka tilkynningu, svo og þeim mönnum öllum, er ætla má að ráðstöfun skifti máli. Ef ekki verður vitað, hversu marga ráðstöfun muni varða, þá má í þess stað birta auglýsingu þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, og skal fyrirtæki eða ráðstöfun glögt greind og skorað á þá, er kynnu að telja sig málið skifta, að koma fram með athugasemdir sínar áður tiltekinn, hæfilegur tími sje liðinn. Jafnframt skal leggja skjölin fram á tilteknum stað, og skal þeim, er hagsmuna eiga að gæta, heimilt að kynna sjer þau þar, enda skal framlagningar skjalanna geta í auglýsingu. Opinbera auglýsingu þarf ekki að birta, þegar ráðstöfun eða mannvirki er lítils um vert að dómi ráðherra.

2. Kostnað allan af ráðstöfunum samkvæmt 1. lið ber sá, er æskir ákvörðunar um þær.

145. gr.

Ef nauðsyn þykir á vera, er ráðherra rjett að láta fara fram skoðun á staðháttum, þar sem gera á eða leggja niður mannvirki eða vinna verk í vatni, og skal sá, er heimildar beiðist, greiða kostnað af slíkri skoðun.

146. gr.

1. Hvarvetna þess, er lögnám er heimilað samkvæmt lögum þessum og menn skilur á um það, hvaða eignir eða rjettindi þurfi að taka, hvaða eignarkvaðir, óhagræði o. s. frv. þurfi á að leggja, þá skal skera úr með mati.

2. Nú er leyfi veitt til lögnáms samkvæmt 144. gr. 1. lið, stafl. a., eða matsnefnd hefir heimilað lögnám samkvæmt 39., 41., 96. eða 97. gr. 2. lið, og skal þá leyfishafi hafa gert ráðstafanir til að framkvæma lögnám áður en ár er liðið frá því að leyfi var veitt eða matsgerð var lokið. Annars kostar þarf nýja heimild.

147. gr.

1. Matsgerðir lögum þessum samkvæmt skulu framkvæma:

- a. Úttektarmenn í þinghá, þar sem mat fer fram samkvæmt 6., 9. gr. 3. lið, 10., 12. gr. 3. lið, 18. gr. 2. lið, 25. gr. 4. lið, 31., 37., 38., 39. gr. 2. lið, 40., 41. gr. 2. lið, 43., 44., 45., 48. gr. 2. lið, sbr. 82. gr. 1. lið, 78., 80., 81., 111. gr. 1. lið b., 112., 121. gr. 1. lið og 122., sbr. 124. og 126. gr. 2. lið.
- b. Dómkvaddir menn alstaðar annarstaðar, nema öðruvísi sje sjerstaklega ummælt í lögum þessum.

2. Úttektarmenn meta þó ekki, ef:

- a. Matsbeiðandi krefst þess, að dómkvaddir menn meti, eða matsþolandi, ef hann skuldbindur sig til að greiða aukakostnað þann af matinu, sem af kröfu hans stafar.
- b. Úttektarmenn treysta sjer ekki til að meta vegna þekkingarskorts á matsatriðum.
- c. Ekki eru lögskipaðir úttektarmenn í þinghá, þar sem mat fer fram.
- d. Svo er matsatriðum farið, að ekki verður talið, að mat fari fram í neinni ákveðinni þinghá.

3. Mat samkvæmt 146. gr. 1. lið skulu úttektarmenn framkvæma, enda sje eigi svo ástatt sem í 2. lið greinar þessarar segir, ef þeir hafa heimilað lögnámið, en dómkvaddir menn ella.

4. Hjeraðsdómari, þar sem mannvirki, land eða rjettindi eru, þau er krafa um mat er af risin, dómkveður tvo matsmenn, en rjett er honum að kveðja menn, þótt heimilisfastir sjeu utan lögsagnarumdæmis hans. Nú skal mat fara fram um sama atriði í fleirum þinghám en einni, eða svo er farið sem í 2. lið stafl. d. segir, og ákveður þá ráðherra, hvar matsmenn skuli dómkvaddir.

5. Rjett er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sjer til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

148. gr.

1. Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá lokum matsgerðar.

2. Yfirmat til þess að skera úr því, hvort lögnám skuli heimila, hvað lögnema skuli, um heimild manna eða skyldu til að vinna verk, eða til að taka ákvörðun um annað en upphæð bóta eða endurgjalds, skulu framkvæma 3 menn, dómkvaddir samkvæmt 147. gr. 4. lið. Ef matsnefnd hefir neitað beiðni eða kröfu matsbeiðanda, en yfirmatsmenn telja, að taka beri hana til greina, þá skulu þeir einnig framkvæma þær matsgerðir, er matsmönnum hefði annars borið. Ef bóta er jafnframt krafist, má þó skjóta mati á þeim eftir þessum lið til sjerstaks yfirmats samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

3. Þegar ákveða skal einungis endurgjald eða bætur, skal yfirmatsnefnd skipuð, sem segir í lögum um framkvæmd eignarnáms. Ef hjeraðsdómari nefnir

15 matsmenn, er honum þó rjett að nefna menn heimilisfasta utan lögsagnar-
20. júní umdæmis síns.

4. Ákvæði 147. gr. 5. liðs tekur og til yfirmats.

149. gr.

1. Sá, sem þarf að fá ráðstöfun gerða, og mat er nauðsynlegt skilyrði til þess lögum þessum samkvæmt, eða sá, sem lögskylt er að greiða bætur eða endurgjald fyrir lögnám eða notkun á eign annars manns, skal greiða kostnað allan af mati. Ef bætur hafa verið boðnar svo ríflegar sem metnar verða, getur matsnefnd þó skift kostnaði milli aðilja.

2. Um kostnað af yfirmati skal svo fara:

- a. Sá, sem beiðist yfirmats eftir 148. gr. 1. lið, greiði kostnað af því, ef matsgerð breytist eigi. Verði henni breytt, skal yfirmatsnefnd skifta kostnaði eftir því, sem henni þykir sanngjarnt, hvort sem bætur eru metnar eða ekki.
- b. Um kostnað af yfirmati samkvæmt 148. gr. 3. lið fer samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

3. Til matskostnaðar má telja útgjöld aðilja til lögfræðilegra og verkfræðilegra aðstoðarmanna. Ef 2 aðiljar eða fleiri standa sama megin og hagsmunir þeirra mega saman fara, og nota þeir ekki báðir eða allir sama aðstoðarmann, skal þó venjulega ekki bæta þeim til samans meiri kostnað fyrir þessar sakir en telja má þá mundu hafa haft, ef þeir hefðu notað sama aðstoðarmanninn.

150. gr.

Að því leyti sem eigi er hjer kveðið á um matsgerðir, fer um þær eftir lögum um framkvæmd eignarnáms og öðrum gildandi rjettarákvæðum.

XVII. KAFLI.

Um stjórñ vatnamála.

151. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórñ vatnamála á hendi. Verkfræðilegur ráðunautur hans um þau mál er vegamálastjóri.

152. gr.

1. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda löggiltar vatnabækur, og skal í þær rita:

- a. Skrár yfir ár og vötn í umdæminu.
- b. Samninga um þau, er sendir verða til innritunar eða þinglýsingar.
- c. Skýrslur um vatnsvirki og önnur vatnsverk, sem leyfis eða samþykkis þarf

til lögum samkvæmt, og matsgerðir, sem heimila lögnám eða háðar eru samkvæmt 71. og 134. gr. 15
20. júní

2. Ráðherra getur ákveðið, að fleira skuli rita í bækur þessar, svo og sett reglur um bókhald, svo sem þurfa þykir.

3. Láta skal í tje eftirrit af vatnabókum, gegn lögmæltum ritlaunum.

XVIII. KAFLI.

Ákvæði um refsingar.

153. gr.

1. Fyrir brot á lögum þessum skal refsa sem hjer segir, nema brot sje svo vaxið, að þyngri refsing liggi við að öðrum lögum, eða refsing við því sje sjerstaklega ákveðin annarsstaðar í lögum þessum :

- a. Hver sem byrjar á fyrirtæki, sem leyfi eða samþykki þarf til samkvæmt lögum þessum, eða ef matsgerð þarf til þess, svo og ef maður vinnur verk ver en í skilyrðum í leyfi, samþykki eða matsgerð felst, eða bregður að öðru leyti út af fyrirmælum slíkra heimilda, skal sæta sektum eða einföldu fangelsi.
- b. Sá er brýtur boð eða bann, reglugerð eða önnur fyrirmæli, er hjeradsstjórn eða ráðherra setur samkvæmt lögum þessum, enda heyri brotið ekki undir stafl. a., skal sæta sektum eða alt að 4 mánaða einföldu fangelsi.

2. Sektir samkvæmt 1. lið má taka fjárnámi.

154. gr.

1. Mál út af brotum samkvæmt 153. gr. skulu fara að hætti almennra lögreglumála.

2. Mál skal ekki höfða, nema sá, sem misgjört er við, eða viðkomandi stjórnarvald krefjist þess.

3. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, nema öðruvísi sje í þeim mælt.

XIX. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

155. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1924.

Frá sama tíma eru úr gildi feld eftirfarandi lög :

Jónsbók Landsleigub. 22., 24. og 56. kap., að því leyti sem þar greinir um meðferð vatns og veiði í vötnum.

Lög nr. 9, 9. febr. 1900, um brot á veiðirjetti í ám og vötnum.

Lög nr. 57, 10. nóv. 1905, um skyldu eigenda til að láta af hendi við

15 bæjarstjórn Akureyrar eignarrjett og önnur rjettindi yfir Glerá og landi með-
20. júní fram henni.

Lög nr. 55, 22. nóv. 1907, um takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum o. fl., 2. kafli.

Námulög nr. 50, 30. júlí 1909, 20. gr., að því leyti sem þar segir um meðferð vatns, og 21. gr.

Lög nr. 26, 22. okt. 1912, um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum, með viðaukalögum nr. 57, 3. nóv. 1915.

Lög nr. 65, 22. nóv. 1913, um vatnsveitingar.

Lög nr. 51, 3. nóv. 1915, um rafmagnsveitur.

Lög nr. 56, 3. nóv. 1915, um vatnssölu í kaupstöðum, og

Lög nr. 18, 18. maí 1920, um gjöld til holræsa og gangstjetta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri, að því leyti sem þau varða holræsi.

Auk þess eru úr gildi numin öll önnur ákvæði í lögum, er brjóta bág við fyrirmæli laga þessara. Þó skulu:

Lög nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi, að því leyti sem þau varða laxveiði og selveiði,

Lög nr. 12, 13. apríl 1894, um verndun Safamýrar,

Lög nr. 84, 22. nóv. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík,

Lög nr. 26, 9. júlí 1909, um viðauka við lög 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 7. og 8. gr.,

Lög nr. 55, 30. júlí 1919, um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum,

Lög nr. 42, 11. júlí 1911, um gjöld til holræsa og gangstjetta í Reykjavík,

Lög nr. 24, 22. okt. 1912, um samþykktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðilám,

Lög nr. 66, 14. nóv. 1917, um gjald til holræsa og gangstjetta á Akureyri,

Lög nr. 68, s. d., um áveitu á Flóann, og

Lög nr. 69, s. d., um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót, halda gildi sínu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Kl. Jónsson.